

Til forsætisráðherra

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 83/1994 um umboðsmann barna hef ég látið taka saman skýrslu þessa um starfsemi embættisins.

Þann 30. júní 2007 lét Ingibjörg Rafnar af störfum sem umboðsmaður barna, en hún var skipuð í það embætti 1. janúar 2005. Ingibjörg óskaði eftir lausn frá störfum. Ég vil þakka forverum mínum fyrir gott og farsælt starf í þágu barna á Íslandi og mun byggja mína vinnu á því starfi sem þær hafa þegar unnið.

Undirrituð var skipuð umboðsmaður barna í fimm ár frá 1. júlí 2007. Starfsemi embættisins er í höfuðdráttum óbreytt en þó hlýtur starfsemi þess að mótast að nokkru af því hvaða einstaklingur gegnir starfinu á hverjum tíma. Skýrsla þessi nær yfir tímabilið 1. júlí 2007 til 31. desember 2008. Fyrri hluti þessa tíma fór mikið í að kynna sér hin ólíku mál sem koma inn á borð embættisins, kynnast fólki sem starfar að málefnum barna og halda áfram því starfi sem þegar er til staðar innan embættisins. Seinni hluta 2008 fór ég af stað með skólaverkefni sem öllum skólum á landinu var boðið að taka þátt í. Einnig buðum við öllum leikskólum á landinu að vera með. Þá fórum við af stað með ráðgjafahóp barna en náðum ekki að hitta hann fyrr en í byrjun árs 2009. Afraksturs þessa verkefnis svo og ráðgjafahópsins mun hafa mikil og bein áhrif á þær áherslur sem embættið mun vinna að á næstunni.

Við höfum einbeitt okkur að því að kynna embætti umboðsmanns barna fyrir börnum og fullorðnum. Við vonumst til að sú kynning leiði til þess að erindi og starfsemi embættisins muni eflast enn frekar á komandi misserum.


Reykjavík 30. maí 2009



Margrét María Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

I. UM EMBÆTTI UMBOÐSMANNS BARNA	5
Hlutverk.	5
Skrifstofa og starfslíð	5
Erindi	6
Heimasíða	8
II. STARFSEMI EMBÆTTISINS	11
Hvernig er að vera barn á Íslandi?	11
Fjölskyldumál og barnavernd	11
Heilbrigðismál	16
Skólamál	17
Börn og fjölmiðlar	21
Auglýsingar og aukin markaðssókn gagnvart börnum	22
Börn af erlendum uppruna	23
Ungmennaráð	23
Viðbrögð umboðsmanns barna vegna efnahagsástandsins.	24
Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur	25
Innlent samstarf	25
Erlent samstarf.	29
Samstarfssamningar	30
Kynning og fræðsla.	30
Útgefið efni	30
Lagabreytingar til hagsbóta fyrir börn og fjölskyldur þeirra	31
Viðauki	31



I. UM EMBÆTTI UMBOÐSMANNS BARNNA

Embætti umboðsmanns barna var stofnað með lögum nr. 83/1994 og hóf starfsemi þann 1. janúar 1995. Skrifstofa embættisins er að Laugavegi 13, 2. hæð og er hún opin almenningi frá kl. 9–15 frá mánudegi til föstudags.

Hlutverk

Embætti umboðsmanns barna er samkvæmt lögum ætlað það mikilvæga hlutverk að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Umboðsmanni barna er ætlað að vinna að því að tekið sé fullnægjandi tillit til barna á öllum sviðum samfélagsins, jafnt hjá opinberum aðilum sem og einkaaðilum, og bregðast við ef brotið er gegn þeim. Umboðsmaður barna er málsvari allra barna á Íslandi og á að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni þeirra. Þá er embættinu ætlað að koma með ábendingar og tillögur um það sem betur má fara í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum og varðar málefni barna og kynna almenningi löggjöf sem varðar börn sérstaklega. Umboðsmanni barna er hins vegar ekki ætlað að hafa afskipti af málefnum einstakra barna en ber að leiðbeina þeim sem til hans leita um rétt þeirra og benda á hvernig unnt er að ná fram þeim rétti innan stjórnvæðis og hjá dómstólum.

Skrifstofa og starfslið

Nýr umboðsmaður

Þann 30. júní 2007 lét Ingibjörg Rafnar af störfum sem umboðsmaður barna á Íslandi og við embættinu tók Margrét María Sigurðardóttir, lögfræðingur. Margrét María var framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu frá 2003. Áður starfaði hún sem lögfræðingur en hún lauk embættisprófi í lögfræði við HÍ árið 1990 og rak eigin lögmannsstofu um árabíl. Hún starfaði sem fulltrúi sýslumanns á Ísafirði, Húsavík og Blönduósi, auk þess sem hún hefur sinnt margvíslegum trúnaðarstörfum á sviði jafnréttis- og fjölskyldumála.

Starfsmenn

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsliði embættis umboðsmanns barna á síðustu misserum. Þann 1. desember 2007 tók til starfa nýr starfsmaður hjá embættinu, Eðvald Einar Stefánsson, uppeldis- og menntunarfræðingur, sem hefur unnið að sérstöku skólaverkefni sem ber heitið „Hvernig er að vera barn á Íslandi?“. Sigríður Anna Ellerup lögfræðingur hætti störfum 1. júlí 2008 en við hennar starfi tók Elísabet Gísladóttir. Auður Kristín Árnadóttir fulltrúi fór í ársleyfi frá 1. september 2008 og hana hefur leyst af Hafdis Gísladóttir, leikskólakennari og stjórnvæðisfræðingur. Starfsmenn hjá embættinu eru fjórir, að umboðsmanni meðtöldum.

Fjárhagur

Hlutverk umboðsmanns barna samkvæmt lögum er viðamikil og verksvið hans afar víðfeðmt en fjárheimildir og fjöldi stöðugilda sníða embættinu þröngan stakk. Fjöldi erinda síðustu fjögur árin hefur verið með svipuðu móti. Jafnvel þótt mörg þessara erinda varði málefni einstakra barna og séu því ekki til úrlausnar hjá embættinu sem slík þá hvílir engu að síður leiðbeiningarskylda á embættinu. Erindi sem berast embættinu hafa jafnframt haft almenna skírskotun sem leiðir til frekari skoðunar af hálfu embættisins auk þess sem þau gefa vísbendingu um hvaða málum er brýnt að unnið sé að á vegum þess. Síðar verður fjallað um þau verkefni sem umboðsmaður barna telur brýnt að unnið verði að.

Dagleg störf embættis umboðsmanns barna ráðast að miklu leyti af þeim erindum sem berast og hefur embættið því ekki getað sinnt því frumkvæði sem því er ætlað með sama hætti og lögin gera ráð fyrir. Þrátt fyrir að embættið hafi stofnað til samstarfs

Hvernig er að vera barn á Íslandi:
*„Það sem er gott við landið okkar: Það er gott að það er ekki stríð hér á landi. Börn eru ekki úti á götu eins og í flestum löndum og þau fá ekki umhyggju eins og við. Við fáum mat og erum í góðum fötum. Við erum með barnanefnd sem vernda okkur og auðvitað líka foreldrar“
(stelpa 12 ára)*

við ýmsa aðila sem vinna að málefnum barna í samfélaginu, til þess að tryggja að fjármagn og starfskraftar nýtist sem best, er ljóst að ef embætti umboðsmanns barna á að sinna því metnaðarfulla hlutverki sem lögin gera ráð fyrir og væntingar almennings standa til þarf að efla það til muna. Í ljósi þessa óskaði umboðsmaður barna eftir því að fjárveiting til embættisins fyrir árið 2007 yrði hækkuð svo ráða mætti háskólamenntaðan sérfræðing í fullt starf frá 1. janúar 2007 að telja. Það gekk eftir og nam fjárheimild samkvæmt fjárlögum 2007 34,2 milljónum króna.

Hvernig er að vera barn á Íslandi:
„Það er fínt, mamma mín og pabbi hugsa um mig og ég á vini. Það eiga ekki allir vini úti í öðrum löndum og hér. Það sem mér finnst verst við að búa á Íslandi að það er svo mikið einelti í skólum. En besti kosturinn er að við erum örugg, engin stríð og engar byssur. Mér finnst mjög asnalegt að fullorðnir menn og konur níðast á börnum og finnst mér að það þurfi að fara djúpt í þetta mál“
(stelpa 13 ára)

Fjárheimild embættis umboðsmanns barna samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2007 nam 34,2 milljónum króna og fyrir árið 2008 36 m.kr. Um 70% rekstrarkostnaðar embættisins er launakostnaður. Að auki bættust við í fjárukalögum 5 milljónir króna fyrir uppbyggingu á kennsluvef um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna¹.



Erindi


Dagleg störf á skrifstofu umboðsmanns barna mótast mikið af þeim erindum sem embættinu berast. Erindin eru af margvíslegum toga og eru það ýmist einstaklingar, stofnanir, félagasamtök eða fjölmiðlar sem leita til umboðsmanns barna og óska eftir upplýsingum eða ráðgjöf varðandi málefni barna. Málaflokkarnir eru einnig margir og fjölbreytilegir enda koma hagsmunir barna við sögu á flestum sviðum samfélagsins. Ákveðnir málaflokkar eru þó meira áberandi en aðrir og ber þar helst að nefna forsjár- og umgengnismál, barnaverndarmál, skólamál og heilbrigðismál.

Eins og að framan greinir er umboðsmanni barna ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga eða mál einstaklinga sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum eða dómstólum. Fjöldi þeirra erinda sem embættinu berast varða þó slík mál.

Kappkostað er að veita þeim einstaklingum sem leita til embættisins með sín mál eins greinargóðar upplýsingar, leiðbeiningar og ráð og unnt er hverju sinni.

Skrifleg erindi

Fjöldi skriflegra erinda hefur verið nokkuð breytilegur síðustu fjögur ár. Á árinu 2007 bárust 347 skrifleg erindi og þar af voru 86 frá börnum. Á árinu 2008 bárust 310 skrifleg erindi þar af 70 frá börnum. Flest erindi voru frá einstaklingum en þó einnig frá öðrum, svo sem stofnunum og félagasamtökum. Þeim erindum sem embættinu berast með þessum hætti er reynt að svara eins fljótt og auðið er og er sú vinnuregla höfð að leiðarljósi að svara erindum frá börnum samdægurs. Í kjölfar bankahrunsins í október 2008 fækkaði erindum til embættisins til muna, á ákveðnu tímabili, bæði símaerindum og skriflegum erindum. Erindum fór að fjölga aftur þegar nær dró jólum og var í árslok komið í nokkuð eðlilegt horf.



Eins og framfar er getið er umboðsmanni barna ekki heimilt að taka til meðferðar mál einstaklinga sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum eða dómstólum. Umboðsmanni barna berast þó fjölmörg erindi sem lúta að málefnum barna og gefa þau erindi ákveðna vísbendingu um þau mál sem mikilvægt er að skoðuð verði nánar. Í ljósi þeirra erinda sem embættinu hafa borist telur umboðsmaður barna að mjög brýnt sé að hafin verði vinna á eftirtöldum verkefnum:

- **Kynning á embættinu fyrir börnum.** Í þeim heimsóknum sem umboðsmaður barna hefur farið í leik- og grunnskóla til að kynna embættið hefur komið fram að börn eru almennt ekki meðvituð um tilvist embættisins. Það sama hefur komið fram í ráðgjafahópi sem er á vegum embættisins og var stofnaður seinni

¹ Verkefnið er unnið í samvinnu við Unicef á Íslandi og Barnaheill. Sjá nánari umfjöllun í kafla...

hluta ársins 2008 en í honum sitja ungmenni á aldrinum 14 – 16 ára.


- **Eineltismál.** Reglulega berast umboðsmanni barna erindi frá börnum þar sem þau leita aðstoðar vegna eineltis sem þau verða fyrir í skóla eða frístundum.
- **Leik- og grunnskólinn – vinnustaður barna.** Í nýlegum lögum um grunnskóla nr. 91/2009, nánar tiltekið í VI. kafla laganna, er fjallað um skólahúsnæði og aðstöðu í grunnskóla. Grunnskólinn er skilgreindur í lögum sem vinnustaður barna og skal húsnæði og allur búnaður taka mið að því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks. Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu embættisins er hljóðvist í leik- og grunnskólum sérstakt áhyggjuefni að mati umboðsmanns barna.
- **Áhrif efnahagsástandsins á börn – fyrirbyggjandi aðgerðir.** Í ljósi efnahagsástandsins og aukins atvinnuleysis telur umboðsmaður barna brýnt að sérstaklega verði fylgst með líðan barna og ungmenna. Nágrannaþjóðir Íslands, s.s. Svíþjóð og Finnland, hafa unnið fjölmargar rannsóknir um afleiðingar efnahagsþrenginga sem þjóðirnar gengu í gegnum á tíunda áratug síðustu aldar. Þessa reynslu er nauðsynlegt að nýta til að fyrirbyggja að aðgerðir sem stjórnvöld þurfa að grípa til vegna efnahagsástandsins komi ekki niður á velferð barna.

Erindi frá börnum

Frá því að embætti umboðsmanns barna var stofnað hefur verið lögð rík áhersla á það að ná til barna og unglinga, hlusta á skoðanir þeirra og fá ábendingar um það sem betur mætti fara. Mikilvægt er fyrir embætti sem vinnur í þágu barna að aðgengi þeirra sé tryggt og að þau geti á einfaldan hátt leitað til umboðsmanns barna með erindi og fengið upplýsingar um réttindi sín. Er því ávallt reynt eftir fremsta megni að svara fljótt þeim börnum sem leita til embættisins og aðstoða þau og leiðbeina þeim um mál þeirra. Börn sem leita til embættisins geta rætt við umboðsmann og aðra starfsmenn í fullum trúnaði. Starfsmenn embættisins eru þó bundnir af reglum barnaverndarlaga um tilkynningarskyldu með sama hætti og aðrir þjóðfélagsþegar.

Flest erindi frá börnum berast með tölvupósti, ýmist á netfang embættisins, ub@barn.is eða í gegnum heimasíðuna, undir liðnum „*spurt og svarað*“. Þegar erindi berst með síðari hættinum getur barn ráðið því hvort svar þess birtist á heimasíðunni www.barn.is eða hvort viðkomandi


fái sent persónulegt svar á netfang sitt. Ekki er gerð krafa um það að börn gefi upp nafn eða aðrar persónulegar upplýsingar um sig. Ýmis svör við spurningum sem borist hafa frá börnum og unglíngum er hægt að lesa á barna- og unglíngasíðum á heimasíðu embættisins.



Árið 2007 bárust 163 erindi frá börnum og árið 2008 bárust 130 erindi frá börnum. Í tengslum við heimsóknir umboðsmanns barna í grunnskóla þar sem verkefnið Hvernig er að vera barn á Íslandi? var kynnt má merkja aukin fjölda erinda frá börnum og heimsóknir þeirra á heimasíðu embættisins. Má leiða að því líkur að kynning á starfsemi embættisins og heimasíðu þess hafi þó nokkur áhrif á fjölda erinda sem berast frá börnum.

Munnleg erindi

Þau erindi sem embættinu berast í gegnum síma eru skráð sérstaklega og efnisflokkuð. Slík skráning getur gefið ákveðna vísbendingu um þá málaflokka sem helst reynir á í tengslum við hagsmuni barna og jafnvel gefið tilefni til aðgerða af hálfu embættisins. Árið 2007 bárust 673 munnleg erindi og árið 2008 voru þau 527. Munnlegum erindum fer fækkandi á móti skriflegum erindum, enda má segja að tölvupóstssendingar séu samskiptamáti nútímans.



Heimasíða

Ný heimasíða embættisins www.barn.is var tekin í notkun í desember 2006 og er henni ætlað að vera almennur gagnagrunnur um réttindi og skyldur barna og hvað eina annað sem varðar hagsmuni þeirra. Heimasíðan er þrískipt, þ.e. almenn upplýsingasiða fyrir fullorðna, unglingsíða og barnasíða, enda eru áherslur og fyrirsurnir frá þessum hópum afar mismunandi.

Á almennu upplýsingasiðunni er að finna upplýsingar um lög og reglur sem gilda um margvíslega málaflokka, upplýsingar um réttindi barna og þá ábyrgð sem réttind-

unum fylgja sem og um skyldu hinna fullorðnu. Þar má einnig finna tengla inn á heimasíður ýmissa stofnana og samtaka sem snerta málaflokkana með einum eða öðrum hætti og geta veitt frekari upplýsingar. Meðal meginskyldna foreldra er að vera í fyrirsvari fyrir börn sín og gæta hagsmuna þeirra í hvívetna. Til þess að foreldrar geti sinnt þessari skyldu er mikilvægt að þeir séu vel upplýstir um réttindi barna sinna og skyldur sínar og annarra gagnvart þeim.

Á barna- og unglingsíðunum er að finna upplýsingar sem eru aðgengilegar og höfða til viðkomandi aldershópa. Markmiðið er að börn og unglingar geti fengið upp-

The screenshot shows the homepage of the Icelandic Children's Ombudsman's Office website. At the top, there is a navigation bar with links for 'Forsíða', 'Um embættið', 'Útgáfa', 'Barnasáttmálinn', 'Lög', 'Umsægnir', 'Fréttir', 'Fróðleikur', 'Fylgileiðir', and 'Skrifðu leitarorð hér'. Below the navigation bar, there are three main content areas: 'KRAKKAR SMELLIÐ HÉR', 'Hlutverk umboðsmanns barna', and 'UNGLINGAR SMELLIÐ HÉR'. The 'Hlutverk umboðsmanns barna' section contains text about the role of the ombudsman and a search bar. Below this, there is a sidebar with 'Gagnlegir tenglar' and 'Hvaða reglur gilda um ...'. The main content area is divided into three columns: 'Fréttir og tilkynningar' (News and Reports), 'Fróðleikur' (Education), and 'Raddir barna' (Children's Voices). The 'Fréttir og tilkynningar' column lists several news items with dates and titles. The 'Fróðleikur' column lists educational resources. The 'Raddir barna' column features a section for 'Algenrar sáminingar' (General Discussion) with a search bar and a 'VERNDUM BERNASKUNA' logo. At the bottom, there is a 'Málaflokkar' (Legal Categories) table and a 'Hvernig er að vera barn á Íslandi?' section.

Málaflokkur	Heilsa og líðan	Kynlíf	Barnavernd
Fjölskyldan	Heilsa og líðan	Kynlíf	Barnavernd
Leikskólinn	Fjölmíðlar	Fjármál	Ofbeldi
Grunnskólinn	Tölvur og GSM	Afbrot	Einelti
Framhaldsskólinn	Neytendavernd	Öryggi	Heimilisofbeldi
Leiksvæði barna	Vímuefni	Vinna	Kynferðisofbeldi

2 Einnig er hægt að fara inn á heimasíðuna í gegnum www.umbodsmadurbarna.is.

lýsingar um réttindi sín og skyldur á einfaldan hátt. Auk þess er þar að finna upplýsingar um hvert þau geta leitað til þess að fá frekari upplýsingar eða aðstoð. Heimasíðan er jafnframt mikilvægur vettvangur fyrir börn og ungl- inga til þess að koma skoðunum sínum og ábendingum á framfæri við umboðsmann barna og þar geta þau beint fyrirspurnum um réttindi sín til hans.

Heimsóknir á heimasíðu

Heimsóknir á heimasíðu embættisins hefur fjölgað jafnt og þétt ár frá ári. Með auknum möguleikum í mælingum á heimsóknir á heimasíðuna og breytingum á mæliein- ingum hefur reynt erfitt að meta samanburð á milli ára. Þó vekur það athygli að samhliða því sem dagleg-

um heimsóknir á heimasíðu embættisins fjölga lengist viðverutími notenda á heimasíðunni. Viðverutími notenda á heimasíðunni er tæplega þrjár mínútur en út frá þeim tíma má draga þá ályktun að gestir heimasíðunnar kynni sér efni hennar nokkuð vel.

Tilgangurinn með endurbótum á heimasíðunni var m.a. sá að þeir sem hana heimsækja fái þar á aðgengilegan hátt ítarlegar upplýsingar og svör við þeim spurningum sem þeir myndu ella beina til embættisins símléiðis eða í tölvu- pósti. Þá einfaldar það vinnu starfsfólks að geta vísað á upplýsingar á heimasíðu og kemur til með að létta á þeim þætti starfsins og skapa svigrúm til þess að sinna öðrum mikilvægum verkefnum.

The screenshot shows the website 'UMBOÐSMAÐUR BARNA' with a navigation bar and several interactive sections. The top navigation bar includes links for 'Ferskileir áskilningu', 'Aðalsíða umboðsmanna barna', 'Unglingasíðan', 'Umboðsmaður barna', 'Aðstoð í heimi', and 'Skrifað leitarorð hér'. The main content area features four large interactive boxes: 'Skoðanakönnun' (Survey) with a question 'Finnst þér vera hlustað á þig?' and options 'Ofit', 'Stundum', 'Aldrei'; 'Spurningin' (Question) with the question 'Hvernig á góður kennari að vera?'; 'Spurt og svarað' (Ask and Answer) with a description of the service; and 'Sendið Okkur' (Send Us) with options for 'Teikningar' (Drawings) and 'Ábendingar' (Suggestions). To the right, there is a grid of icons for 'Tómstundir' (Free time), 'Leikir' (Games), 'Litabók' (Coloring book), 'Börn heimsins' (Children of the world), 'Netið og GSM' (Internet and GSM), 'Skólinn' (The school), 'Líta Lögbokin' (Read the Law Book), 'Spurninga þraut' (Questionnaire), and 'Barna - sáttmálinn' (Children's Convention). At the bottom, there is a section 'Umboðsmaður barna...' with a list of points and a contact box for '1717 Hjálparsími Rauða krossins 112 Neyðarlínan'.



Verk eftir börn sem tóku þátt í listasmíðunni
Gagn og gaman í Gerðubergi.

II. STARFSEMI EMBÆTTISINS

Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994 kveða á um lögbundin verkefni hans. Eins og áður er að vikið ráðast störf embættisins nokkuð af þeim erindum sem því berast. Jafnframt hefur umboðsmaður barna frumkvæði að því að taka tiltekin mál til skoðunar. Engin tók eru á að gera grein fyrir öllum þeim verkefnum sem unnið er að á ári hverju en hér á eftir verður gerð grein fyrir fáeinum málaflokkum sem geta gefið nokkra mynd af starfsemi embættisins.

Hvernig er að vera barn á Íslandi?

Haustið 2008 hófst verkefni á vegum umboðsmanns barna sem ber heitið *Hvernig er að vera barn á Íslandi?* Verkefnið tekur mið af 12. og 13. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er markmið þess að gefa börnum tækifæri til að láta raddir sínar heyrast. Í samræmi við 13. grein um tjáningarfrelsi er það form gefið nokkuð frjálst eftir þörfum hvers og eins. Listformið reynist sumum einfaldara við að koma skoðunum sínum á framfæri, eins og myndlist, ljósmyndun, tónlist, vídeóverk o.s.frv., meðan aðrir eiga ef til vill auðveldara með að tjá sig í gegnum skriftir eða talað mál. Með því að hafa margt í boði er stefnt að því að börnin fái tækifæri til tjáningar á óþvingandi og fjölbreytilegan máta.

Öllum grunnskólum á landinu voru send bréf um mitt ár 2008 þar sem þeim var boðið að taka þátt í þessu verkefni. Rúmlega 20 grunnskólar skráðu sig til þátttöku og heimsótti umboðsmaður barna þá skóla á haustdögum og kynnti verkefnið.

Í byrjun desember heimsótti umboðsmaður barna nokkra leikskóla á höfuðborgarsvæðinu og kynnti jafnframt verkefnið fyrir leikskólakennurum. Í framhaldinu var leikskólum boðin þátttaka í verkefninu og voru undirtektir mjög góðar og þó nokkrir leikskólar hafa þegar skráð sig til þátttöku.

Þeir skólar sem taka þátt í verkefninu fá afhent svokölluð póstkort sem börnin fá til að teikna á eða myndskreyta á annan hátt. Hafa umboðsmanni barna borist um 700 póstkort frá börnum á leik- og grunnskólaaldri. Af þeim póstkortum sem umboðsmanni barna hafa borist má sjá að fjölskyldan og vinir skipta börn miklu máli. Sum þeirra gáfu til

kynna að þau væru þreytt á allri umræðunni um kreppuna og önnur töldu mikilvægt að ekki væri verið að stríða eða leggja í einelti því þá liði manni illa.

Stefnt er að því að halda sýningu á afrakstri af vinnu barnanna í tengslum við dag barnsins á Íslandi, sem er í maí ár hvert.

Fjölskyldumál og barnavernd

Mjög mörg þeirra erinda sem berast embætti umboðsmanns barna varða forsjár- og umgengnis- og barnaverndarmál. Erindin eru ólík og persónubundin en af þeim má ráða að rík þörf er á góðum aðgangi að upplýsingum og leiðbeiningum um efni og réttaráhrif barnalaga og barnaverndarlaga líkt og umboðsmaður barna hefur oft bent á. Á allra síðustu misserum hefur verið reynt að koma nokkuð til móts við þarfir almennings til upplýsinga í þessum efnum og má sem dæmi nefna ítarlegt upplýsingaefni á heimasíðu umboðsmanns barna³.

Endurskoðun íslenska meðlagskerfisins

Ríkisstjórnin samþykkti í apríl 2008 tillögu þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra um endurskoðun íslenska meðlagskerfisins. Ráðuneytið hefur stuðlað að gerð samanagerðarúttektar á íslenskum reglum um meðlag og sambærilegum úrræðum í mörgum öðrum ríkjum. Þar kemur m.a. fram að íslenska kerfið hafi undanfarna áratugi þróast og breyst mun hægar en flest önnur. Því hefur verið skipuð sérstök nefnd til að fara yfir reglur barnalaga um framfærslu barna til þess að kanna hvort núverandi fyrirkomulag þjónar hagsmunum barna og foreldra með sanngjörnum hætti. Nefndin hefur tekið til starfa og boðaði hún umboðsmann barna til sín til að fá sýn embættisins á málið. Lagði

Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.

úr 12. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif

Börn eiga rétt á að tjá sig nema það brjóti gegn almennu siðgæði, skaði mannorð eða brjóti gegn réttindum annarra. Börn eiga rétt á að leita sér upplýsinga, taka við upplýsingum og koma þeim á framfæri.

úr 13. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Tjáningarfrelsi

³ Sjá www.barn.is undir málaflokkunum fjölskyldan annars vegar og barnavernd hins vegar.

umboðsmaður m.a. áherslu á að öllum börnum væri tryggð lágmarksframfærsla sem væri byggð á útreikningum/könnun á hver sá framfærslukostnaður er í raun og veru. Verður unnið að þessu máli áfram.

Meðlagsgreiðslur úr landi

Embættinu hafa á undanförunum árum borist erindi sem lúta að meðlagsgreiðslum vegna barna sem flytja tímabundið eða til frambúðar til útlanda. Á árinu 2003 var barnalögum breytt á þann veg að Tryggingastofnun er ekki lengur skylt að greiða meðlag til réttihafa meðlagsgreiðslna sem ekki eru búsettir hér á landi. Við framangreinda lagabreytingu varð gjörbreyting á innheimtu meðlaga vegna íslenskra barna búsettra erlendis þótt hinn meðlagsskyldi búi hér á landi og hefur innheimtan verið í höndum forsjarforeldra sjálfra frá 1. nóvember 2003.

„Ég elska Ísland. Mér finnst æðislegt að búa hér á Íslandi. Það er ekkert stríð. Ég á æðislega foreldra, æðisleg systkini, æðislegan hund og æðislega fjölskyldu.“
(stelpa 12 ára)

Með lögum nr. 78/2004 um breytingu á lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar var reynt að koma til móts við hagsmuni þessa hóps. Í þeim lögum var annars vegar veitt heimild til að setja reglugerð um framkvæmd 59. gr. laganna, þar sem m.a. verði kveðið á um fyrirframgreiðslu meðlags þegar foreldri eða börn eru búsett erlendis og hins vegar var veitt heimild til að semja um fyrirframgreiðslu meðlags í samningum við erlend ríki skv. 64. gr. greindra laga.

Mér finnst lífið æðislegt hér á Íslandi. Ég á frábært hús, ég hef nóg af mat og ég á nóg af fötum, ég geng í skóla og ég er í sönglist. Ég æfi íþróttir og mér finnst lífið alveg æðislega frábært hérna á Íslandi“
(stelpa 12 ára)

Í apríl 2005 sendi umboðsmaður barna fyrirspurn til Tryggingastofnunar ríkisins og Innheimtustofnunar sveitarfélaga þar sem m.a. var innt eftir því hvort slík reglugerð hefði verið sett eða væri í undirbúningi eða samningar verið gerðir við erlend ríki um framangreint. Var hvorugri stofnuninni kunnugt um að slík reglugerð hefði verið sett.

Á fundi með allsherjarnefnd Alþingis 31. janúar 2006 vegna frumvarps til laga um breytingu á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar benti umboðsmaður barna á að taka þyrfti mál þetta til skoðunar.

Í byrjun maí 2007 ritaði umboðsmaður barna heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra bréf þar sem hann hvatti ráðherra til þess að setja reglugerð á grundvelli lagaheimildarinnar, sem tryggi öllum börnum sama rétt til meðlagsgreiðslna óháð

búsetu, þ.e. ef meðlagsskyldur aðili býr og starfar hér á landi. Í svarbréfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, dags. 13. júní 2007 segir að unnið sé að undirbúningi slíkrar reglugerðar en það krefjist samráðs við hlutaðeigandi stofnanir og ráðuneyti og hafi því tekið nokkuð langan tíma.

Umboðsmaður spurðist aftur fyrir um þessi mál á árinu 2008 og fékk þau svör undir lok ársins 2008 að ekki væri hafin vinna við reglugerðina. Í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á skipan málaflokka milli ráðuneyta 1. janúar 2008 er málaflokkurinn kominn til félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Mun umboðsmaður barna halda áfram að fylgja eftir þessu máli.

Aðgerðaáætlun gegn heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi

Í september 2006 samþykkti þáverandi ríkisstjórn aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis gegn konum og börnum.⁴ Að áætluninni vann samráðsnefnd sem skipuð var af félagsmálaráðherra í janúar 2003 og í áttu sæti fulltrúar félagsmálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndinni var upphaflega falið að fjalla um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum en ákveðið var að beina einnig sérstaklega sjónum að börnum sem verða fyrir ofbeldi á heimilum og/eða verða fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis og var sérstakur starfsmaður ráðinn tímabundið í fjóra mánuði til að vinna að þeim hluta áætlunarinnar. Umboðsmaður barna auk fjölmargra hagsmunaaðila og frjálsra félagasamtaka áttu þess kost að hitta nefndina og koma ábendingum sínum og athugasemdum á framfæri. Áætlunin tekur til árána 2006 – 2011 og er meginmarkmiðið að vinna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi og að bæta aðbúnað þeirra er orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættu hópi hvað þetta varðar.

Sem liður í þessari aðgerðaráætlun hófst í október 2008 könnun á ofbeldi gegn konum sem náði til 3000 kvenna á aldrinum 18 – 80 ára um allt land. Rannsóknarsetur um barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands annaðist framkvæmdina fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Niðurstöður höfðu ekki birst í lok ársins 2008.

⁴ Hægt er að nálgast áætlunina á vef félagsmálaráðuneytisins www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Adgerdaaetlun.PDF.

Mun embætti umboðsmanns barna fylgjast með framvindu mála.

Ný lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Seinni hluta árs 2007 var frumvarp til laga um meðferð sakamála lagt fram á Alþingi. Í umsögn sinni benti umboðsmaður á það mismunandi fyrirkomulag sem er hjá dómstólum landsins við skýrslutöku barna yngri en 15 ára. Lagði umboðsmaður áherslu á að öllum börnum sem gefa skýrslu eða eru vitni fyrir dómi væri tryggð besta meðferð fyrir dómi sem völ er á. Jafnframt taldi umboðsmaður mikilvægt að tryggja samræmi milli einstakra dómstóla hvað varðar þessi mál. Umboðsmaður barna benti jafnframt á að Barnahús heyrði nú undir félags- og tryggingamálaráðuneytið en að eðlilegra væri að stofnun sem á þátt í skýrslutöku af börnum fyrir dómi heyrði undir dómsmálaráðuneytið og væri þannig hluti af réttarvörsluferfinu.

Í umsögn sinni benti umboðsmaður barna á að mál sem varða kynferðisbrot gegn börnum tefðust oft á tíðum of mikið en taka þyrfti skýrslu af börnum eins fljótt og auðið væri til að tryggja að börnin fengju meðferð sem fyrst vegna þess áfalls sem þau hefðu orðið fyrir. Í framkvæmd hefði verið brotalöm á þessu.

Umboðsmaður barna gerði jafnframt athugasemd við birtingu dóma á Netinu í tilvikum þar sem um er að ræða kynferðisbrot gegn börnum. Ítrekað hafi umboðsmanni borist ábendingar frá aðstandendum barna sem eru ósáttir við að vitnisburður barnanna sé birtur í heild sinni í dómum sem nú eru aðgengilegir öllum á Netinu. Sérstaklega hafi borist athugasemdir þegar um er að ræða kynferðisbrot gegn börnum. Taldi umboðsmaður rétt að vitnisburður barns fyrir dómi í kynferðisofbeldismálum væri ekki birtur í heild sinn á Netinu þar sem birting gæti valdið brotapol- um enn frekari sálarangist og vanlíðan.

Lög nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, voru lögð niður með lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Með lögum nr. 88/2008 var lögfest sérstakt ákvæði um að dómari geti ákveðið að taka skýrslu af barni yngra en 15 ára í sérútbúnu húsnæði annars staðar en á föstum þingstað ef það þykir æskilegra með tilliti til hagsmuna barnsins sbr. 9. gr. laganna. Áður hafði það verið gert á grundvelli reglugerðar.

Samkvæmt 2. mgr. 123. gr. laganna getur dómari ákveðið að kveða til kunnáttumenn til að aðstoða við skýrslutöku af barni undir 15 ára aldri. Með nýju lögunum var ákvæðið rýmkað að því leyti að þetta getur átt við um alla sem eru

yngri en 15 ára, ekki einungis brotapolá. Á það t.d. við um börn sem hafa orðið vitni að ofbeldi. Þá er í nýjum lögum einnig miðað við að tilkynna skuli barnavernd áður en skýrsla er tekin af sakborningi yngri en 18 ára en áður var miðað við 16 ára sbr. 61. gr. núgildandi laga.

Barnavernd

Framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum

Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum var samþykkt samhljóða á Alþingi í lok vorþings 2008. Þar eru talin helstu verkefni sem unnið skal að til að tryggja aðstoð þeim börnum sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu. Meðal annars eru þar ýmis nýmæli, t.d. varðandi gæðastaðla og eftirlit með vistun barna og unglinga utan heimilis og ný meðferðarúrræði. Samkvæmt 5. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, ber félags- og tryggingamálaráðuneytið ábyrgð á stefnumótun í barnavernd og skal ráðherra leggja fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Þetta er í fyrsta sinn sem framkvæmdaáætlun af þessu tagi er lögð fyrir Alþingi. Framkvæmdaáætlun félags- og tryggingamálaráðuneytisins og Barnaverndarstofu nær frá gildistöku hennar á árinu 2008 til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2010.





Félags- og tryggingamálaráðherra skipaði starfshóp í ágúst 2008 til að endurskoða núgildandi barnaverndarlög nr. 80/2002. Óskaði starfshópurinn eftir athugasemdum frá umboðsmanni barna á fyrstu stigum starfsins. Í bréfi umboðsmanns barna til starfshópsins er m.a. vakin athygli á helstu álitaeftum sem hafa komið til skoðunar hjá embættinu en þar má nefna rödd barnsins í barnaverndarmálum. Umboðsmaður hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að hlustað sé eftir röddum barna í samræmi við 12. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þessi réttur barna er tryggður í 2. mgr. 46. gr. núgildandi barnaverndarlaga nr. 80/2002. Embættinu hafa borist erindi þar sem fram hefur komið að þessu ákvæði sé ekki framfylgt með fullnægjandi hætti, sérstaklega varðandi börn sem ekki hafa náð 12 ára aldri. Umboðsmaður barna telur nauðsynlegt að áretta mikilvægi þess að börnum á öllum aldri, sem myndað geta eigin skoðanir, sé gefið tækifæri til að tjá sig í barnaverndarmálum. Auk þess er mikilvægt að réttmætt tillit sé tekið til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.

Þá vakti umboðsmaður barna athygli á því að í framkvæmd geti verið erfitt fyrir Barnaverndarstofu að sinna eftirliti með störfum barnaverndarnefndar þegar hún hefur á fyrri stigum sama máls verið ráðgefandi aðili við hlutaðeigandi barnaverndarnefnd. Umboðsmaður barna

telur mikilvægt að efla Barnaverndarstofu og styrkja eftirlitshlutverk hennar til þess að veita barnaverndarnefndum aðhald. Jafnframt benti umboðsmaður barna á að mjög oft bærust embættinu athugasemdir sem varða hæfi barnaverndarnefnda til að taka ákvarðanir. Á þetta einkum við í minni sveitarfélögum þar sem um er að ræða persónuleg tengsl einstakra nefndarmanna við þá sem eru aðilar að barnaverndarmálinu. Mikilvægt er að nefndarmenn séu ekki vanhæfir til meðferðar máls hverju sinni samkvæmt 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og nauðsynlegt að nefndarmenn átti sig á ábyrgð sinni í þeim eignum. Þótt erfitt geti verið að gera strangar kröfur í minni sveitarfélögum verður að hafa í huga að yfirleitt er um að ræða mjög persónuleg og viðkvæm mál og því nauðsynlegt að málsmeðferð sé sérstaklega vönduð.

Umboðsmaður barna vísaði einnig til 4. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga þar sem fram kemur að barnaverndarnefnd skuli tilkynna foreldrum barns ef mál hefur verið tilkynnt til nefndarinnar og um ákvörðun sína í tilefni af henni. Þetta ákvæði er eðlilegt að mati umboðsmanns enda bera foreldrar ábyrgð á öryggi og velferð barna sinna, auk þess sem mörg barnaverndarmál varða foreldra með beinum hætti. Embættinu hafa borist athugasemdir, fyrst og fremst frá stálpuðum börnum, í tengslum við ósveigjanleika þessa ákvæðis en í ákvæðinu er aðeins gert ráð

fyrir að fresta megi tilkynningu ef ríkir rannsókn-
arhagsmunir mæla með því. Samkvæmt 3. gr.
barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna skal ávallt
hafa það sem er barninu fyrir bestu að leiðarljósi.
Þessi meginregla er nánar útfærð í 1. mgr. 4. gr.
núgildandi barnaverndarlaga þar sem segir að í
barnaverndarstarfi skuli beita þeim ráðstöfunum
sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Auk þess
kemur fram að hagsmunir barna skulu ávallt hafðir
í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda. Þegar
um er að ræða mál sem varða ungmenni getur
verið að í einstaka tilvikum sé það ekki viðkomandi
einstaklingi fyrir bestu að foreldrar séu látnir vita af
tilkynningu til barnaverndarnefndar. Að gefnu til-
efni telur umboðsmaður ástæðu til að auka sveigj-
anleika ákvæðisins þannig að hægt sé, við mjög
sérstakar aðstæður, að taka tillit til aldurs, þroska
og vilja ungmennis.

Að lokum vísar umboðsmaður barna til fjölda
erinda sem embættinu hafa borist í gegnum tíðina
sem varða ofbeldi gegn börnum. Umboðsmaður
barna bendir á að embættið hafi talið að 1. mgr.
99. gr. barnaverndarlaga, auk almennra heg-
ningarlaga, verndi börn gegn hvers kyns ofbeldi,
hvort sem það er af völdum foreldra eða annarra.
Í nýlegum dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra,
frá 14. ágúst 2008, var maður sem ákærður var fyr-
ir að rassskella tvo drengi sýknaður þrátt fyrir að
atvikið teldist sannað. Í ljósi þessa telur umboðs-
maður nauðsynlegt að kanna hvort kveða þurfi á
um vernd barna gegn ofbeldi í barnaverndarlögum
með afdráttarlausum hætti.

Umboðsmaður fagnar fram kominni þingsálykt-
unartillögu og telur að slík framkvæmdaætlan
styðji við, auki gagnsæi og veiti þeim sem að þess-
um viðkvæma málaflökki koma ákveðið aðhald.

Skólaganga barna sem voru í fóstri á vegum barnaverndarnefnda á árunum 2005 – 2007

Skólaganga barna sem eru í fóstri

Embætti umboðsmanns barna hafa á undanförn-
um misserum borist allnokkrar ábendingar vegna
barna í tímabundnu fóstri sem synjað hefur verið
um skólavist í viðtökusveitarfélagi. Til þess að reyna
að varpa ljósi á umfang vandans var bréf sent til
allra barnaverndarnefnda á landinu í janúar 2008
og óskað eftir upplýsingum um skólagöngu barna



í fóstri á vegum barnaverndarnefndanna á árunum
2005 – 2007. Ekki kemur alls staðar fram í svör-
unum hvort um var að ræða börn í varanlegu eða
tímabundnu fóstri. Á því er nokkur munur þar sem
ekki er gert ráð fyrir að vandkvæði séu til staðar
vegna skólavistar þegar um varanlegt fóstur er að
ræða, enda fylgir því úrræði lögheimilisflutningur
sem gerir sveitarfélaginu skylt að sjá barninu fyrir
viðeigandi skólaúrræði. Tölulegar upplýsingar eru
því nokkuð skekktar að þessu leyti.

Samkvæmt upplýsingum frá barnaverndarnefnd-
unum var 361 barn á grunnskólaaldri í fóstri, var-
anlegu og tímabundnu, á árunum 2005 – 2007.
Voru 18 þeirra barna eða um 5% án skólavistar
á því tímabili sem spurt var um. Þá kemur fram
í svörum barnaverndarnefndanna að mun fleiri
dæmi eru um að börn hafi verið frá skóla til lengri
eða skemmri tíma vegna biðar eftir skólavist, allt
frá nokkrum dögum upp í nokkra mánuði. Má af
svörum barnaverndarnefndanna ráða að smæð
skóla geti sett mark sitt á viðhorf skólanefnda og
-stjórnenda til skólavistar fósturbarna. Virðist ein
helsta skýringin sem gefin er á synjun um skólavist
vera sú að viðkomandi skólar séu í flestum tilvikum
litlir og fámennir og skorti getu til þess að fá hæft
starfsfólk til að veita nemendum með sérþarfir (s.s.
námsörðugleika og hegðunarvandamál) viðunandi
þjónustu. Þá getur reynst erfitt fyrir minni skóla að
taka inn ný börn og aðlaga þau því skólastarfi sem
þar fer fram. Skólarnir töldu sig þar af leiðandi ekki

*Í 3. mgr. 76. gr.
stjórnarskrárinnar segir:
„Börnum skal tryggð
í lögum sú vernd og
umönnun sem velferð
þeirra krefst.“*

*Í 1. mgr. 65. gr. er svo
að finna jafnræðisreglu
stjórnarskrárinnar:
Allir skulu vera jafnir
fyrir lögum og njóta
mannréttinda án
tillits til kynferðis,
trúarbragða, skoðana,
þjóðernisuppruna,
kynþáttar, litarháttar,
efnahags, ætternis og
stöðu að öðru leyti.*



í stakk búna til að veita börnunum þá þjónustu og stuðning sem þeim var nauðsynlegur.

Það sem vakti athygli var að ekki virðast vera neindir samræmdir verkferlar hjá sveitarfélögunum þegar sótt er um skólavist fyrir fósturbarn. Skólanefnd fer að jafnaði yfir umsóknina en þó nokkur tími getur liðið á milli funda og þannig tapast dýrmætur tími fyrir börnin. Í svörum frá barnaverndarnefndum koma ekki fram tölulegar upplýsingar um þann fjölda sem er án skólavistar meðan beðið er eftir svari skólanefndar. Margir nefna þó að talsverður tími geti liðið frá því að barn fer í tímabundið fóstur þar til skólavist getur hafist. Þá var oft ágreiningur um kostnað og viðtökusveitarfélögin kröfðust hærri greiðslu með barni en lögheimilissveitarfélag þess metur eðlilegt. Lögheimilissveitarfélögin virðast þó oft reiðubúin að greiða hærri fjárhæðir með barni en viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga kveða á um til að tryggja barninu skólavist.

Skýrslan var send til forsætis-, félags- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra, menntamálanefndar Alþingis, Barnaverndarstofu, Sambands íslenskra sveitarfélaga, skólaskrifstofa og skólanefnda og barnaverndarnefnda þar sem ítrekað var mikilvægi þess að tekið sé á þessum vanda sem fyrst og gerðar séu ráðstafanir til að börn í tímabundnu fóstri njóti þessa réttar síns til skólagöngu líkt og önnur börn.

Við setningu nýrra grunnskólalaga nr. 91/2008, sbr. 3. mgr. 5. gr. laganna, var sveitarfélögum gert skylt að sjá til þess að skólaskyld börn skv. 3. gr. grunnskólalaga, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Þrátt fyrir umrætt lagaákvæði virðist enn vera uppi ágreiningur um túlkun þess. Hefur til að mynda Barnaverndarstofa óskað eftir áliti menntamálaráðuneytisins á túlkun þess á ofangreindu ákvæði en svar hefur ekki borist.

Heilbrigðismál

Svæfingar í tannlæknaþjónustu fyrir fötluð börn

Í ágúst 2007 skrifaði umboðsmaður barna heilbrigðisráðherra bréf vegna þjónustu við börn sem þurfa á svæfingu að halda þegar tannviðgerð fer fram. Fram hafði komið að tannlæknar gætu ekki sinn þeim sjúklingum sem þurfa á svæfingu að halda vegna þess að svæfingalæknar hafa ekki viljað sinna því starfi á stofum tannlækna. Ástæður þess eru fyrst og fremst faglegar þar sem aðstaða og öryggi til barnasvæfingar á tannlæknastofum er ekki talin viðunandi. Þetta ástand hefur bitnað illa á fötluðum börnum og ungum börnum með mjög skemmdar tennur sem þurfa á svæfingu að halda

Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja og aðstoða til lækni meðferðar og endurhæfingar. Aðildarríkin skulu kappkosta að tryggja að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu.

Úr 24. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

vegna tannviðgerða. Í bréfi umboðsmanns barna var farið fram á að fá upplýsingar um umfang vandans, hvað valdi honum og loks hvað ráðuneytið hyggist gera til að leysa þessi mál.

Í svarbréfi frá heilbrigðisráðuneytinu, dags. 17. ágúst 2007, segir að ráðuneytið hafði unnið að lausn vandans og að St. Jósefsspítali í Hafnarfirði hafi lýst sig reiðubúinn til samvinnu í þessu máli og að tannlæknar fái inni á skurðstofu þar ásamt fagfólki spítalans f.o.m. 24. ágúst. Vonaðist ráðuneytið til þess að fundin væri lausn til fram-
búðar og að jafnvel væri hugað að því að styrkja þessa starfsemi enn frekar.

Þann 27. júní 2008 ritaði umboðsmaður barna heilbrigðisráðherra bréf þar sem vakin er athygli á athugasemdum sem embættinu berast reglulega vegna aukins kostnaðar sem foreldrar bera vegna meðferðar barna hjá tannlæknum. Forsaga málsins var sú að um nokkurt skeið hafði ekki verið í gildi samningur milli Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands um endurgreiðslu á tannlæknaþjónustu. Þá höfðu rannsóknir sýnt að tannheilbrigði barna á Íslandi færi hnignandi. Í þessu sambandi benti umboðsmaður barna á 24. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem fram kemur að aðildarríki viðurkenni rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja og aðstöðu til læknismeðferðar og endurhæfingar. Aðildarríkin skuli kappkosta að tryggja að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu. Jafnframt vísaði umboðsmaður í 2. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að aðildarríkin skuli tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum, án mismununar af nokkru tagi.

Í ljósi vísbendinga um að tannheilbrigði barna á Íslandi fari hnignandi lýsir umboðsmaður barna yfir áhyggjum sínum af velferð barna í þessu tilliti. Verður málinu fylgt eftir af hálfu embættisins.

Talþjálfun fyrir börn.

Reglulega berast umboðsmanni barna athugasemdir vegna barna sem þurfa á talþjálfun að halda. Hafa foreldrar umræddra barna vakið athygli á aukinni greiðslubyrði vegna talþjálfunar barna sinna, og margir treysta sér ekki til að kaupa áfram þessa þjónustu vegna aukins kostnaðar. Mjög fáir talkennarar og talmeinafræðingar eru með samning við Tryggingastofnun ríkisins og hafa foreldrar þurft að standa straum af kostnaði vegna þessarar þjónustu. Umboðsmaður ritaði bréf til heilbrigðisráðherra í júní 2008 þar sem bent var á athugasemdir sem embættinu hafa borist vegna talþjálfunar barna og lýsti hann yfir

áhyggjum sínum af þessari þróun. Benti umboðsmaður á 24. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja og aðstöðu til læknismeðferðar og endurhæfingar. Jafnframt vísaði umboðsmaður til 2. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem fjallað er m.a. um rétt barna óháð stöðu eða aðstæðum foreldra eða forráðamanna.

Í lok ársins 2008 hafði ekki verið samið við talmeinafræðing. Verður málinu fylgt eftir af hálfu embættisins.

Skólamál

Heildarendurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla

Þann 1. júlí 2008 tóku gildi ný lög um leik-, grunn-, og framhaldsskóla auk þess sem lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna tóku gildi.

Er þetta í fyrsta skipti hér á landi sem samtímis er sett heildstæð löggjöf fyrir skólakerfið. Í nýju lögum er lögð áhersla á samfellu og sveigjanleika milli skólastiga og er horft á skólakerfið sem eina heild frá upphafi leikskóla til loka framhaldsskóla.

Lög um leikskóla

Ísland er eitt fárra landa sem lagalega hefur skilgreint leikskólann sem fyrsta skólastigið sbr. 1. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla en þar er leikskólanum lýst sem fyrsta skólastigi í skólakerfinu og sem skóla fyrir börn undir skóla-skylduáldri. Í leikskólanum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi og skal leitast við að tryggja leikskólabörnum sem best náms-, uppeldis-, og leikskilyrði sem taki á mismunandi þörfum barna og örvandi alhliða þroska þeirra. Helstu nýjungar í lögum um leikskóla má sem dæmi nefna að ekki er lengur miðað við að börn ljúki leikskólanámi 1. september það ár sem þau verða sex ára heldur er gert ráð fyrir að félagsþroski og námsframingda barna ráði því hvenær þau ljúka leikskólanámi og hefja nám í grunnskóla. Þá eru í lögum þau nýmæli að menntamálaráðherra skuli gera Alþingi grein fyrir skóla-starfi í leikskólum þriðja hvert ár.

Í nýjum lögum um leikskóla kemur fram sú grundvallararbreyting að minnst tveir þriðju hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Er gert ráð fyrir að allir sem starfi við kennslu og uppeldi hafi leikskólakennaramenntun en heimild gefin til að ráða aðra ef ekki fást leikskólakennarar til starfa. Ákvæði um þagnarskyldu og framlagningu



Þegar ég er í leikskólanum finnst mér best þegar:

„Mér finnst best að líta og leika úti“

(stelpa 5 ára og 9 mánaða)

„Ég er að leika mér“

(strákur 5 ára og 4 mánaða)

„Að leika í legó-i“

(stelpa 5 ára og 9 mánaða)

Þegar ég er í leikskólanum finnst mér verst þegar:

„Þegar það er ekki góður matur“

(stelpa 6 ára og 1 mánaða)

„Mér finnst verst að vera í rísaedlum“

(stelpa 5 ára og 9 mánaða)

„Ég er aleinn. Þegar ég fær ekki að vera með“

(strákur 5 ára og 9 mánaða)

sakavottorðs eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu í leikskóla er einnig nýmæli sem sett er til að tryggja eftir föngum börnum öruggt náms- og uppeldisumhverfi sem er eitt af markmiðum leikskólastarfs. Annað nýmæli í kaflanum eru ákvæði um símenntun fyrir leikskólakennara og leikskólastjórar, ólíkt því sem er í grunn- og framhaldsskólum, ekki haft aðgang að endurmenntunarsjóði til að stuðla að símenntun og starfsþróun í sínu fagi. Gert er ráð fyrir að leikskólastjórar og leikskólakennarar skuli samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum eiga kost á símenntun.

Hlutverk og starfsemi foreldraráða er nú lögfest í leikskólalögum auk þess sem bætt er við ákvæði um að leitast skuli við að tryggja foreldrum sem ekki tala íslensku eða nota táknmál túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla. Í nýjum lögum er kveðið sérstaklega á um skyldu hvers leikskóla til að móta skólánámskrá sem skal fá umsögn foreldraráðs og vera staðfest af nefnd sem fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Þá skulu sveitarstjórnir

koma á gagnvirku samstarfi á milli leik- og grunnskólastigsins en tilgangur þessarar breytingar er að tryggja samstarf og samvinnu milli leik- og grunnskóla til að aðlögun og undirbúningur leikskólubarna að grunnskólanámi verði sem best.

Í nýjum lögum er réttarstaða barna sem þurfa á sérfræðipjónustu að halda mörkuð enn frekar en samkvæmt 1. mgr. 22. gr. leikskólalaga eiga börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans.

Umboðsmaður barna fagnar nýjum lögum um leikskóla þar sem undirstrikað er enn frekar að leikskóli er fyrsta skólastig barnsins og að aukin krafa sé gerð til þeirra sem starfa með börnum m.a. í ljósi verndar og öryggissjónarmiða.

Lög um grunnskóla

Ný lög um grunnskóla nr. 91/2008 tóku gildi 1. júlí 2008. Ný lög byggja á því megin sjónarmiði að börnum á skólaskyldualdri séu búnað kjöraðstæður til náms og þroska. Grunnskólar skulu koma til móts við ólíkar þarfir barna og skapa skilyrði til

að mæta kröfum um þekkingu og færni nemenda svo að menntun þeirra standist alþjóðlegan samanburð. Lögð er áhersla á velferð barna og virkari þátttöku þeirra og foreldra í skólastarfi.

Helstu nýjungar í nýjum lögum um grunnskóla eru m.a. þær að við grunnskólana skulu starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Þá fjallar skólaráð um skólánámskrá skólans, árlega starfsáætlun og rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, fulltrúum kennara, annars starfsfólks skólans, fulltrúum nemenda og foreldra auk skólastjóra. Er þetta í fyrsta sinn sem nemendur verða þátttakendur í skipulagi og uppbyggingu skólans með svo beinum hætti og þannig gefið tækifæri til að hafa áhrif á skólánámskrá og áætlanir skólans.

Aðrar áherslur eru á námsmati í nýjum lögum um grunnskóla en samkvæmt þeim eru samræmd próf felld brott og í stað þeirra koma könnunarpróf sambærileg þeim sem lögð eru fyrir nemendur 4. og 7. bekkjar. Skulu allir nemendur í 10. bekk þreyta könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Megintilgangur þessara prófa er að afla upplýsinga um stöðu nemenda sem nýtast þeim við áframhaldandi nám en einnig er mögulegt að nýta niðurstöður prófanna til að meta árangur skólastarfs almennt.

Í nýjum grunnskólalögum er lögfest sú meginstefna að grunnskólinn skuli vera skóli án aðgreiningar og veita öllum börnum þjónustu óháð uppruna, tungumáli, heilsu eða fötlun. Er það í samræmi við Salamanca-yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og stefnu sem ríkjandi hefur verið á Íslandi undanfarin ár. Með þessu er aukin krafa gerð til grunnskóla um að koma til móts við þarfir þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli eða nota táknmál, eiga við lestrarerfiðleika að etja eða eru veikir eða búa við fötlun. Þá er í nýjum lögum kveðið skýrar á um réttindi fósturbarna til skólagöngu.⁵

Í 17. gr. grunnskólalaga eru ákvæði um réttindi nemenda með sérþarfir. Eiga nemendur rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis, sbr. 1. mgr. 17. gr. grunnskólalaga. Helstu nýmæli er lúta að sérfræðipjónustu við nemendur eru þau að sveitarstjórn- um og skólastjórum grunnskóla er falið aukið hlutverk í samræmingu á sérfræðipjónustu. Skulu sveitarfélög bera ábyrgð á samstafi skóla við aðila utan skóla og hafa þau



forgöngu um samstarf sérfræðipjónustu, félagspjónustu og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir, sjaldgæfar fatlanir og langvinn veikindi. Samkvæmt nýjum lögum er grunnskólanum skylt að vinna frá upphafi skólagöngu nemenda að forvarnarstarfi með skimunum og athugunum til að tryggja öllum kennslu og námsaðstoð við hæfi og viðeigandi íhlutun. Geta foreldrar og forráðamenn nemenda óskað eftir greiningu samkvæmt 3. mgr. 40. gr. grunnskólalaga, sem og skólastjóri, kennarar eða stafsmenn heilsugæslu í samráði við og með samþykki foreldra.

Að mati umboðsmanns barna er það sérstakt fagnaðarefni að í nýjum lögum um grunnskóla sé gert ráð fyrir þátttöku nemenda í skipulagi og áætlunum grunnskólana. Er það mat umboðsmanns barna að með starfsemi sérstakra skólaráða, þar sem nemendur eiga tvo fulltrúa í ráðinu, sé undirstrikað mikilvægi þess að sjónarmið og raddir barna nái fram að ganga í svo mikilvægum málum eins og skipulagi og starfsemi grunnskóla. Grunnskólinn er vinnustaður allra barna frá 6 – 16 ára aldurs, meirihluta ársins, og því mikilvægt að starfsemi þeirra og stefnur mótist að vilja og þörfum barna.

⁵ Er hér vísað til umfjöllunar um skólagöngu fósturbarna.

Lög um framhaldsskóla

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 tóku gildi 1. júlí 2008. Lögin fela í sér veigamiklar breytingar á skipulagi náms á framhaldsskólastigi. Helstu nýjungar eru þær að réttur nemenda til skólavistar og náms er styrktur með fræðsluskyldu stjórnvalda til 18 ára aldurs. Þá er gerð námsbrautalýsinga samkvæmt nýjum lögum í höndum framhaldsskólanna en ekki hjá menntamálaráðuneytinu eins og tíðkast hefur.



Hvernig á góður kennari að vera:

„Hann passar börnin. Hann á að vera góður við þau og leyfa þeim að fara út að leika og skoða bók og teikna mynd og leika sér. Hann huggar börnin þegar þau meiða sig og setur plástur eða kalt á þau.“
(stelpa 5 ára og 9 mánaða).

„Huggar mig og lesir fyrir mig.“
(stelpa 6 ára og 1 mánaða)

„Hann passar mann að enginn meiðir sig eða sleppi út úr leikskólanum. Kennarinn knúsar mann.“
(strákur 5 ára og 9 mánaða)

„Góður. Hann kemur með morgunmatinn í skólann og leyfir börnum að leika sér.“
(strákur 5 ára og 4 mánaða)

„Hann á að vera miðlungs góður og ekki of strangur, gefa manni köku og vera skemmtilegur við alla.“
(stelpa 9 ára)

Það þýðir að skólunum er falin eiginleg tillögugerð um fyrirkomulag, samhengi og inntak náms. Gerð skólanámskráa verður á ábyrgð framhaldsskólanna og þeir semja námsbrautarlýsingar á grunni skólanámskrár sem lögð er fyrir menntamálaráðherra til staðfestingar. Gildir þetta fyrirkomulag um allt nám á framhaldsskólastigi, sérhæfðar námsbrautir og iðn- og verknám jafnt sem bóknám.

Með nýjum lögum er stefnt að því markmiði að draga úr brottfalli framhaldsskólanema með því að skapa meiri sveigjanleika í námi. Skal öll vinna nemenda metin í stöðluðum námseiningum og skal að baki hverri einingu liggja því sem næst jafnt vinnuframlag nemenda. Þannig getur nemandi stundað nám við framhaldsskóla og fengið

staðfestingu á því, þ.e. útskrifast með framhaldsskólapróf sbr. 16. gr. framhaldsskólalaga með því að leggja stund á nám sem svarar 90 – 120 einingum samkvæmt námskrá og námsbrautarlýsingu án þess þó að þurfa að ljúka sérstökum prófum. Áfram geta nemendur lokið prófi til starfsréttinda sem og stúdentsprófi, sbr. IV. kafla laganna.

Við hvern framhaldsskóla skal starfa foreldraráð og skal skólameistari boða til stofnfundar þess. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Geta félagsmenn verið foreldrar eða nemendur við skólann. Skal foreldraráð setja sér starfsreglur.

Umboðsmaður barna fagnar nýjum lögum um framhaldsskóla og telur m.a. að ný lög taki mun betur tillit til þess að innan framhaldsskóla eru ósjálfráða og ófjárráða einstaklingar (börn undir 18 ára aldri) sem þarf að sinna sérstaklega.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008

Samhliða nýjum lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla voru samþykkt ný lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Markmið laganna er að tryggja að þeir sem leggja stund á kennslu- og uppeldisstörf í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafi menntun í samræmi við störf sín og ábyrgð.

Ný lög fela í sér lengingu kennaramenntunar í fimm ár og eru sambærileg við það sem tíðkast hjá nágrannaþjóðunum. Þá er í nýjum lögum í fyrsta sinn kveðið á um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum leikskólakennara og stjórnenda leikskóla. Er með þessu höfð hliðsjón af því að leikskólinn er fyrsta stig íslenska skólakerfisins og eru gerðar sambærilegar kröfur til menntunar leikskólakennara og eru gerðar til grunnskólakennara og framhaldsskólakennara.

Busavígslur í framhaldsskóla

Um mitt ár 2008 sendi umboðsmaður barna bréf til allra formanna nemendafélaga framhaldsskóla og skólastjórnaenda framhaldsskóla þar sem þessir aðilar voru hvattir til að sjá til þess að komið væri

fram við nýnema af virðingu og að öryggis þeirra væri gætt í hvívetna við busavígslur.

Í bréfi umboðsmanns barna var vísað til þess að á hverju hausti berist embættinu athugasemdir um framkvæmd busavígslna í framhaldsskólum landsins. Oftast fara busavígslurnar vel fram en í undantekningartilfellum virðast þessar innvígsluathafnir fara úr böndunum og hafa embættinu borist ábendingar um vanvirðandi meðferð nýnema við busavígslur þar sem þeir eru niðurlægðir á ýmsan hátt og jafnvel beittir líkamlegu og/eða andlegu ofbeldi.

Í skilningi laga eru nemar börn þar til þeir ná átján ára aldri og eiga því rétt á þeirri vernd sem velferð þeirra krefst. Margir eru óöruggir við upphaf skólagöngu í nýjum skóla og því ekki úr vegi að nota busadaginn til þess að bjóða nemendum velkomna á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Viðbrögð framhaldsskóla voru mjög jákvæð og bærust engar neikvæðar ábendingar til embættisins vegna busavígslna árið 2008. Vill umboðsmaður barna koma á framfæri þakklæti til nemendafélaga og skólastjórnenda framhaldsskólanna fyrir að bregðast svo vel við þessari ábendingu.

Starfstími barna í leik- og grunnskólum

Reglulega berast umboðsmanni athugasemdir vegna langrar viðveru barna í leik- og grunnskólum. Meðal athugasemda sem fram hafa komið eru að starfsdagur barna hafi lengst óhóflega mikið þannig að grípa þurfi til aðgerða svo þau fái notið bernsku sinnar og meiri samskipta við foreldra. Einnig hafði farið fram nokkur umfjöllun fjölmiðla um langan viðverutíma barna í leikskólum þar sem m.a. leikskólastjórar lýstu yfir áhyggjum sínum á langri viðveru leikskólabarna. Tölur Hagstofu Íslands frá 2007 sýndu að viðvera barna á leikskólum hélt áfram að lengjast en 88% allra barna á leikskólum dvelji í 7 klukkustundir eða lengur daglega. Er hér um meðaltal að ræða en vitað er að börn dvelja mun lengur í leikskóla daglega eða allt að 9 klukkustundir.

Í september 2008 ritaði umboðsmaður barna bréf til Félags- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra þar sem umboðsmaður benti á nauðsyn þess að hugað verði að starfstíma barna í leik- og grunnskólum. Lagði umboðsmaður til að umræða hæfist milli þeirra aðila sem hlut eiga að máli, s.s. stjórnvöld, atvinnurekendur, foreldrar og skólar, með það að markmiði að tryggja að börn fái notið bernsku sinnar og samskipta við foreldra.

Upplýsingar á heimasíðu

Mikilvægt er að börn og foreldrar þeirra séu vel upplýst um réttindi sín og skyldur. Því hafa verið teknar saman ýmsar upplýsingar á heimasíðu umboðsmanns barna www.barn.is er varða skólamál, svo sem um réttindi barna í leikskólum og foreldra þeirra og um réttindi og skyldur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum.

Börn og fjölmiðlar

Allt frá stofnun embættisins hefur umboðsmaður barna beitt sér gegn því að sjónvarpsefni sem ekki getur talist við hæfi barna sé sýnt á þeim tíma sem ætla má að börn séu að horfa. Því miður er börnum enn ekki sýnd sú til-litssemi sem þeim ber í þessu efni. Má sem dæmi nefna að í kringum útsendingar barnaefnis í sjónvarpi eru oft sendar út auglýsingar um dagskrárefni sem ekki er við hæfi barna.

Athugasemdir vegna aldurstakmarka á kvikmyndasýningar

Reglulega berast umboðsmanni barna athugasemdir vegna kvikmynda sem verið er að sýna í kvikmynda-húsum á Íslandi. Oftast eru þessar athugasemdir vegna kynningarmyndbanda á öðrum kvikmyndum en þeim sem til stendur að horfa á. Kynningarmyndbandið varðar oft á tíðum myndir sem eru bannaðar börnum. Einnig hefur borið á athugasemdum vegna kvikmynda sem að mati foreldra/forráðamanna barna eru ekki við hæfi barna í þeim aldurshópi sem auglýst er að myndin sé ætluð.

Umboðsmaður barna hefur beint þeim erindum sem berast um þetta efni til Barnaverndarstofu í samræmi við 5. gr. laga um eftirlit með aðgangi að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006. Barnaverndarstofa hefur tekið þau mál fyrir með rekstaraðilum kvikmyndahúsa og þeir brugðist við þessum ábendingum.

Þess má geta að í óformlegri spurningarkönnun sem sett var upp á heimasíðu umboðsmanns barna, www.barn.is á unglingsiðunni var spurt: „Færð þú að kaupa bannaða tölvuleiki?“ Svör við þessari spurningu voru á þá leið að 54% þeirra sem svöruðu sögðust fá að kaupa bannaða tölvuleiki og 25% sögðust stundum fá að kaupa leiki sem ekki væri fyrir þeirra aldur. 21% sögðust ekki fá að kaupa bannaða leiki.

Einnig var spurt á sérstakri barnasíðu sem er á heimasíðu umboðsmanns barna: „Hefur þú orðið hrædd/hræddur á

kvikmyndasýningu?" Svör voru á þá leið að 54% barna sögðust aldrei hafa orðið hrædd á kvikmyndasýningu, 35% stundum og 11% barna sögðust oft hafa orðið hrædd á kvikmyndasýningu.

Auglýsingar og aukin markaðssókn gagnvart börnum

Neytendavernd barna

Auglýsingum og annarri markaðssetningu á vörum og þjónustu er í sívaxandi mæli beint að börnum. Markaðssetningin er auk þess orðin mun ágengari og áhrifaríkari en áður var, meðal annars vegna möguleika á því að nota nýja miðla, svo sem farsíma, internet og tölvuleiki. Börn eru ekki sjálfstæðir neytendur og hafa ekki þroska til að bregðast við slíku áreiti og meta hvað þau hafa þörf fyrir og hvað er hollt. Til þess að bregðast við markaðssókn gagnvart börnum hafa umboðsmaður barna og talsmaður neytenda unnið saman að því að auka neytendavernd fyrir börn.

Mikilvægt er að reyna ná samkomulagi um þau mörk sem ríkja í markaðssókn. Hafa embætti umboðsmanns barna og talsmanns neytenda því unnið að samstarfsverkefni sem felst í því að hagsmunaaðilar komi sér saman um leiðbeiningarreglur um markaðssókn sem beinist að börnum. Með slíkum reglum vonast embættin til þess að hægt verði að auka neytendavernd barna og takmarka það hvenær, hversu mikið og hvernig börn verða fyrir markaðssókn. Frá



sumrinu 2007 hefur verið fundað með um 100 aðilum, svo sem samtökum, stjórnsluaðilum, ráðherra, þingmönnum, fræðimönnum o.fl., og reynt að komast að niðurstöðu um það hvar mörkin eigi að liggja og hvernig eigi að leysa ýmis álitamál. Með því að ná sátt við hagsmunaaðila er

verið að fara leið sem tíðkast á mörgum skyldum sviðum og meðal annars er gert ráð fyrir í Evrópulöggjöf.

Umboðsmaður barna og talsmaður neytenda lögðu fram tillögur að leiðbeiningarreglum um frekari mörk við markaðssókn gagnvart börnum við hringborðsumræður um neytendavernd barna sem haldnar voru í Þjóðmenningarhúsinu 27. maí 2008. Yfir 50 fulltrúar og sérfræðingar mættu á fundinn og fram komu margar góðar ábendingar og athugasemdir. Mikil sátt var um ýmis atriði svo sem um leiðbeinandi reglur um markaðssókn í skólum en umdeildara var hvort unnt væri að fallast á fortakslaust bann við auglýsingum í kringum barnaefni eða algert bann við sælgæti og þvíumlíku við kassa í dagvöruverslunum. Á fundinum komu fram óskir um að lengja samráðsferlið og ákváðu embættin að verða við því. Var ákveðið að aðlaga tillögurnar með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram komu í hringborðsumræðunum og berast munu í kjölfarið, formlega eða óformlega. Er þetta gert til þess að auka líkur á að sem viðtækust sátt náist um leiðir til þess að auka neytendavernd barna sem vonast er til að sem flestir aðilar vilji fara – og geti farið – eftir um leið og tryggja þarf að neytendur, foreldrar, fjölmiðlar og samkeppnisáðilar geti treyst því að farið sé eftir leiðbeiningunum.

Í lok nóvember lágu fyrir lokadrög að leiðbeiningarreglum og voru þau send til athugasemda til allra þeirra aðila sem tekið höfðu þátt í þessari vinnu og gert athugasemdir. Tóku nýjar reglur gildi snemma árs 2009.⁶

Íþróttastarf barna og ungmenna og gjaldtaka vegna félagaskipta

Umboðsmanni barna barst seinni hluta ársins 2008 ábending vegna gjaldtöku sem farið er fram á að barn inni af hendi ef það ákveður að skipta um íþróttafélag í sinni keppnisgrein. Samkvæmt upplýsingum sem umboðsmanni barna bárust er börnum og ungmennum, sem ákveða að skipta um íþróttafélag, gert skylt að greiða sérstakt gjald vegna félagaskiptanna. Greiði þau ekki tilskilið gjald fá þau ekki að taka þátt í keppni hjá nýju félagi.

Af þessu tilefni sendi umboðsmaður barna bréf til Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvort slík gjaldtaka færi fram og ef svo væri að hverjum kröfurnar beindust. Þá var óskað eftir svörum um á hvaða heimild gjaldtakan byggir auk annarra spurninga er varða gjaldtökuna. Í lok ársins 2008 hafði erindi umboðsmanns barna ekki verið svarað af hálfu ÍSí en erindinu verður fylgt eftir.

⁶ Leiðbeiningarreglur talsmanns neytenda og umboðsmanns barna um aukna neytendavernd barna varðandi markaðssókn sem beinist að börnum má lesa um á heimasíðu umboðsmanns barna, http://barn.is/barn/adalsida/malaflokkar/neytendavernd_bara/

Börn af erlendum uppruna

Málefni barna af erlendum uppruna hafa mikið verið til umræðu og ljóst að þörf er á að taka á þeirra málum á öllum sviðum samfélagsins. Mikilvægt er að víðtæk samvinna náist um málefnið sem tryggir að réttur barnanna sé virkur og virtur. Skyldur stjórnvalda í þessu efni eru skýrar. Í því sambandi nægir að vísa til ákvæða Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, en þar segir í 1. mgr. 2. gr. :

„Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi, sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætt-ernis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.“

Framkvæmdaáætlun/Aðgerðaráætlun

Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda var samþykkt samhljóða á Alþingi í lok vorþings 2008. Í áætluninni eru talin upp verkefni í 16 liðum sem ætlað er að tryggja réttindi íbúa af erlendum uppruna, aðgang þeirra að opinberri þjónustu og aðlögun. Verkefni sem snúa að börnum eru menntamál, túlkþjónusta, heilbrigðis- og félagsþjónusta, barnavernd og átak gegn fordómum.

Málefni hælisleitenda

Umboðsmaður barna og starfsfólk hans heimsóttu Reykjanesbæ í febrúar 2008 og kynntu sér aðstöðu og móttöku hælisleitenda. Vildi umboðsmaður kynna sér þá aðstöðu sem börnum sem leita hæl- is hér á landi er búin. Flestir hælisleitendur búa í húsinu Fit en einnig er aðstaða fyrir einstaklinga á gistiheimili Hótel Keflavíkur. Fyrir fjölskyldur með börn eru leigðar íbúðir í bænum. Reykjanesbær annast umönnun hælisleitenda og sér þeim m.a. fyrir fæði, heilbrigðisþjónustu, ráðgjöf, aðgangi að íþrótt- og sundstöðum, strætisvagnaferðum o.fl. Öll börn sem dvelja í bænum ganga í leikskóla og grunnskóla. Einnig sækja nokkur ungmenni Fjölbautaskóla Suðurnesja. Rauði kross Íslands sér um hagsmuna- og réttindagæslu hælisleitenda og

aðstoðar þá á ýmsan hátt. Með tíðari flugferðum og fleiri áfangastöðum má ætla að fjöldi hælisleit- enda aukist, þ.á m. barna.

Ungmennaráð

Árið 2007 tóku gildi ný æskulýðslög, nr. 70/2007. Í 2. mgr. 11. gr. laganna er að finna nýtt ákvæði þar sem fram kemur að sveitastjórnnum beri að hlutast til um að stofnuð sé sérstök ungmennaráð. Hlut- verk ungmennaráðs er m.a. að vera sveitarstjórn- um til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkom- andi sveitarfélagi. Sveitarstjórnirnar sjálfar eiga síðan að setja sér nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráðið.

Ákvæði æskulýðslaga er í anda 1. mgr. 12. gr. barna- sáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem fram kemur að tryggja skuli rétt barns til að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og að tekið skuli réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Íslenska ríkið sendir á nokk- urra ára fresti skýrslu til barnaréttarnefndar Sam- einuðu þjóðanna þar sem fram kemur hvað gert hafi verið til að koma í framkvæmd þeim réttindum sem viðurkennd eru í samningnum. Í tengslum við skýrslu íslenska ríkisins sendir umboðsmaður barna sínar ábendingar um framkvæmd sáttmálans hér á landi.

Í ljósi nýrra æskulýðslaga sendi umboðsmaður barna öllum sveitarfélögum spurningalista þar sem spurt var meðal annars um hvort sveitarfélögin hafi komið á fót sérstöku ungmennaráði eða hvort það stæði til. Af 78 sveitarfélögum svöruðu 74 sveitarfélög spurningum umboðsmanns barna eða 99,8% svarhlutfall miðað við íbúafjölda. Þau sveit- arfélög sem ekki svöruðu eru mjög fámennt. Erfitt er að bera svör sveitarfélaganna saman í ljósi mis- munandi stærðar þeirra og aðstæðna. Af þeim svör- um sem umboðsmanni barna bárust má þó ráða að ungmennaráð séu starfandi í 14 sveitarfélögum og stendur til að þau taki til starfa í 30 sveitarfélögum. Í 30 sveitarfélögum stendur ekki til að setja á fót sérstök ungmennaráð. Eins fyrr segir voru það 4 sveitarfélög sem ekki svöruðu spurningalistanum og er gengið út frá því að í þeim sveitarfélögum séu ekki starfandi ungmennaráð.

Spurt var hvort annar vettvangur væri hjá sveit- arfélögum til að hlusta á raddir barna og þá hvaða vettvangur. 46 sveitarfélög svöruðu þessari spurn-

„Mér finnst fint að vera barn á Íslandi. Ég á allavega nægan pening í krepplunni!“
(strákur í 5. bekk)

„Það er skemmtilegt að vera barn á Íslandi. Að eiga vini og fjölskyldu er besta gjöf í heimi!“
(stelpa í 5. bekk)

„Mér líður vel hjá ömmu“
(stelpa í 2 bekk)

ingu játandi og voru skólar og félagsmiðstöðvar helsti vettvangurinn. Þá kom fram hjá smærri sveitarfélögum að auðvelt aðgengi væri að stjórnendum þeirra sveitarfélaga og ætti það við hvort sem um börn eða fullorðna væri að ræða.

„Við erum sáttnir við hið íslenska samfélag. Við ætlum ekki að blanda okkur í íslenska pólitík því þetta er bara flókinn sandkassaleikur þar sem enginn getur sæst um hver á að fá skófluna í útímanum.“
(nemendur í 9. og 10. bekk)

Eins og að framan greinir var samanburður á svörum sveitarfélaganna nokkuð erfiður en af þeim svörum sem bárust má draga þá ályktun að fjölmennustu sveitarfélögin hafi skipað sérstakt ungmennaráð. Nokkur sveitarfélög hófu undirbúning að skipun ungmennaráðs eftir að fyrirspurn umboðsmanns barna barst þeim og önnur voru þegar byrjuð að koma á ungmennaráði.

Viðbrögð umboðsmanns barna vegna efnahagsástandsins

Umboðsmaður barna hefur verulegar áhyggjur af stöðu barna í ljósi þess efnahagsástands sem nú er í íslensku samfélagi. Aukið atvinnuleysi og efnahagsþrengingar hjá fjölskyldum eru meðal þeirra þátta sem fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að hafi bein áhrif á líðan barna. Börn eru viðkvæmur þjóðfélagshópur sem þarfnast sérstakrar verndar og umönnunar umfram aðra þjóðfélagsþegna. Í þeim efnahagsþrengingum sem nú eru er mikilvægt að huga vel að börnum og aðstæðum þeirra. Einnig þarf að reyna eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að þrengingar í efnahagslífinu hafi áhrif á þeirra daglega líf, svo sem skólagöngu. Skólinn gegnir mikilvægu hlutverki og er ákveðin kjölfesta í lífi barna og ungmenna, kjölfesta sem ekki síst er mikilvæg fyrir börn á þeim umrótatímum sem við lifum núna. Reynsla nágrannaþjóða okkar hefur sýnt að m.a. niðurskurður í skólakerfinu sem og aðrar niðurskurðaraðgerðir sem beinast gegn börnum hafa neikvæðar afleiðingar í för með sér. Þegar gripið var til sparnaðaraðgerða varðandi börn í Svíþjóð upp úr 1990 var til að mynda ekki litið nægilega til framtíðaráhrifa þess og er talið að sá niðurskurður sem framkvæmdur var hafi í sumum tilfellum leitt til aukins kostnaðar þegar upp var staðið.

Hlutverk umboðsmanns barna er m.a. að standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi barna á öllum sviðum samfélagsins, t.d. við ákvarðanatöku og skipulagningu ýmissa samfélagsmála er snerta börn og ungmenni. Börn eru ekki þrýstihópur í stjórnmálalegu tilliti og sú staðreynd liggur fyrir að sjónarmið þeirra gleymast oft á tíðum í heimi hinna fullorðnu. Það ber að hlusta á raddir barna

og ungmenna og nýta þekkingu þeirra. Þau eru sérfræðingar í sínu lífi.

Til að auka enn frekar aðgengi barna og ungmenna að embætti umboðsmanns barna var sett upp nýtt símakerfi á skrifstofu embættisins sem gefur möguleika á að skilja eftir skilaboð óháð því á hvaða tíma sólarhrings er hringt. Þá hófst undirbúningur að stofnun ráðgjafahóps fyrir umboðsmann barna þar sem óskað var eftir tilnefningum frá skólum á



höfuðborgarsvæðinu sem taka þátt í verkefninu „Hvernig er að vera barn á Íslandi?“

Eins og fram hefur komið varð ákveðin lægð í fjölda erinda til embættisins fyrstu vikunnar eftir bankahrunið og var sá tími nýttur til að hefja stefnumótunavinnu fyrir embætti umboðsmanns barna. Fram að áramótum var farið í að skilgreina markmið og verkefni embættisins og lögð drög að forgangsriðun verkefna næstu misseri.

Umboðsmaður barna hefur verið í nánú samstarfi við aðra aðila sem koma að málefnum barna og þar sem fjallað hefur verið um efnahagsástandið og áhrif þess á börn. Þá hefur umboðsmaður jafnframt verið í samskiptum við umboðsmann barna m.a. í Svíþjóð til að afla upplýsinga um þær rannsóknir og kannanir sem liggja fyrir um áhrif efnahagskreppu á líðan barna.

Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

Mikilvægur þáttur í starfi umboðsmanns barna er að veita Alþingi umsagnir um lagafrumvörp og tillögur til þingsályktunar er varða hagsmuni og réttindi barna. Jafnframt kemur fyrir að óskað sé eftir umsögn um drög að frumvörpum eða reglugerðum sem eru til vinnslu í ráðuneytunum.

Umboðsmaður barna veitti á árinu umsagnir um eftirfarandi þingmál:⁷

- *Frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarkertra og daufblindra, 12. mál Umsögn dags. 21. nóvember 2007.*
- *Frumvarp til laga um breytingu ýmissa laga-ákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks, 6. mál. Umsögn dags. 21. nóvember 2007.*
- *Tillaga til þingsályktunar um lögfestingu sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 182/1992, 7. mál. Umsögn dags. 21. nóvember 2007.*
- *Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum, 149. mál. Umsögn dags. 3. desember 2007.*
- *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006, 209. mál. Umsögn dags. 5. desember 2007.*
- *Frumvarp til laga um meðferð sakamála, heildarlög, 233. mál. Umsögn dags. 10. janúar 2008.*
- *Tillaga til þingsályktunar um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru sem beint er að börnum, 47. mál. Umsögn dags. 12. janúar 2008.*
- *Frumvarp til laga um framhaldsskóla, heildarlög, 286. mál. Umsögn dags. 21. janúar 2008.*
- *Frumvarp til laga um leikskóla, heildarlög, 287. mál. Umsögn dags. 22. janúar 2008.*

- *Frumvarp til laga um grunnskóla, heildarlög, 285. mál. Umsögn dags. 24. janúar 2008.*
- *Frumvarp til laga um nálgunarbann, heildarlög, 294. mál. Umsögn dags. 14. febrúar 2008.*
- *Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, 192. mál. Umsögn dags. 14. febrúar 2008.*
- *Tillaga til þingsályktunar um framkvæmda-áætlun í barnaverndarmálum fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2010, 534. mál. Umsögn dags. 13. maí 2008.*
- *Frumvarp til laga um breytingu á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamála-réttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lög-ráð, 577. mál. Umsögn dags. 13. maí 2008.*
- *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum, 578. mál. Umsögn dags. 13. maí 2008.*
- *Frumvarp til laga um sjúkratryggingar, 613. mál, heildarlög. Umsögn dags. 23. maí 2008.*
- *Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum og barnalögum. Umsögn dags. 3. nóv. 2008.*
- *Tillaga til þingsályktunar um stofnun barnameningarhúss, 24. mál. Umsögn dags. 20. nóvember 2008.*

*„Að vera tólf ára á Íslandi er frábært. Maður ræður mestu sem maður gerir en ekki. Foreldrar mínir eru skemmtilegir, fyndnir, skipulagðir og hreinlætissamir. Ísland er fríðað land og því er aldrei stríð. Við Íslendingar erum voða fróðleikssamir. Ég er rosa ánægður með að vera Íslendingur og sem betur fer get ég ekki breytt því. Veðrið hérna á Íslandi getur verið hræðilegt og gott, rigning, snjór, sól, rok og stormar. „Ísland rokkar!“
(strákur 12 ára)*

Innlent samstarf

Barnasáttmálinn – samstarfsverkefni umboðsmanns barna, Barnaheilla og UNICEF

Umboðsmaður barna hefur átt ánægjulegt samstarf við samtökin Barnaheill og UNICEF frá því í júlí 2007. Segja má að samstarfsverkefni séu tvö, annars vegar gerð veggspjalda með ákvæðum barnasáttmálans í styttri útgáfu og hins vegar vefsíða með upplýsingum um barnasáttmálann og leiðbeiningum um hvernig hægt er að nýta veggspjöldin t.d. í skólustarfi. Veggspjöldin komu út

⁷ Hægt er að nálgast flestar umsagnirnar á www.barn.is undir liðnum lög og reglur.



Í maí 2008 og voru kynnt við hátíðlega athöfn í Laugarnesskólanum, sjá nánar umfjöllun um þennan lið hér fyrir neðan. Námsgagnastofnun sá um dreifingu veggspjaldanna í alla grunnskóla landsins og umboðsmaður barna dreifði þeim til leikskóla með dyggri aðstoð leikskólaráðgjafa. Þá var veggspjöldunum dreift víðar, s.s. í framhaldsskóla, félagsmiðstöðvar, íþróttamannvirki, sundlaugar og heilsugæslustöðvar.

Vefsíðan www.barnasattmali.is var opnuð í maí og er vinna við hana enn í fullum gangi. Fyrirhugað er að setja þar inn margvíslegt efni um barnasáttmálann og hvernig hægt er að nýta hann við t.d. kennslu.

Dagur barnsins

Ákveðið var af ríkisstjórn Íslands að halda hátíðlegan Dag barnsins ár hvert og hefur síðasti sunnudagur maímánaðar verið valinn fyrir þennan viðburð. Dagur barnsins var haldinn í fyrsta sinn 25. maí og var yfirskrift hans *Gleði og samvera*. Markmiðið með því að helga börnum sérstaklega einn dag á ári er að skapa tækifæri til að minna okkur landsmenn alla á þessa mikilvægu þegna landsins, koma málefnum barna á framfæri og leyfa röddum barna að hljóma. Umboðsmaður barna, Barnaheill og UNICEF ákváðu í tilefni af Degi barnsins að kynna formlega nýútkomin veggspjöld um Barnasáttmálann við morgunsöng í Laugarnesskóla föstudaginn 23. maí. Þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, ávarpaði börnin og aðra gesti og umboðsmaður barna kynnti samstarfsverkefnið, veggspjöldin og þýðingu þeirra. Börn úr Laugarnesskóla lásu texta af veggspjaldinu sem ætlað er yngri nemendum og glöddu gesti með söng sínum.

Talsmaður neytenda

Samstarf umboðsmanns barna og talsmanns neytenda um auglýsingar og markaðssókn sem beinist að börnum hélt áfram á árinu og vísast til umfjöllunar um neytendavernd barna hér framar.

Náum áttum

Embætti umboðsmanns barna hefur átt fulltrúa í

samstarfshópnum Náum áttum sem er opinn samstarfshópur þeirra sem láta sig varða heill barna og ungmenna. Hópurinn stendur fyrir fræðslufundum einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina um hvaðeina sem snertir börn og talið er vert að vekja athygli samfélagsins á.⁸

Heimili og skóli

Umboðsmaður barna hefur átt mjög gott samstarf við landssamtökin Heimili og skóla vegna ýmissa málefna er tengjast málefnum grunnskólans.⁹

Saman hópurinn

Fulltrúi frá umboðsmanni barna hefur setið í SAM-AN – hópnum sem er samstarfsvettvangur frjálsra félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana sem láta sig velferð barna og fjölskyldna þeirra varða. Markmiðið er að vekja athygli á þeirri ógn sem börnum og unglíngum stafar af útbreiðslu áfengis og vímuefna í samfélaginu, styðja við foreldra í uppeldishlutverkinu og hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar. Þetta hefur verið gert með útgáfu auglýsinga ásamt fræðslu og kynningarefni.¹⁰

Opið hús hjá umboðsmanni barna

Í desember 2007 og 2008 bauð umboðsmaður barna helstu samstarfsaðilum sínum í heitt súkkulaði og spjall og átti með þeim góða stund. Börn frá leikskólanum Laufásborg sungu jólalög og nemendur Austurbæjarskóla fluttu frumsamin ljóð. Framkoma barnanna var lofuð af gestum og vill umboðsmaður barna koma á framfæri þakklæti til þeirra og kennara.

Hoff – heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum

Umboðsmaður barna hefur tekið þátt í starfi Hoff – hópsins sem vinnur að heilsueflingu og forvörnum í framhaldsskólum. Markmið verkefnisins er m.a. að stuðla að bættri almennri liðan og heilsu nemenda, efla forvarnir gegn vímuefnum í framhaldsskólum og bæta og efla ráðgjöf við nemendur á sem flestum sviðum sem snerta velferð þeirra.

*„Á Íslandi er gott að búa. Við erum ekki mjög fátæk og það er ekki stríð. Það er nóg matur hérna. Flestir eiga foreldra og góð fót og verslunarmiðstöðvar. Það eru góðir skólar einnig einkaskólar og fleira sem er þörf á. Flestir sem ég þekki lifa góðu lífi og náfolk mitt er ekki fátækt og ég reyni bara að lifa góðu lífi eins og það er. Það er sniðugt að banna krökkum að vinna undir 13 ára. Já og ég gleymdi að segja að flestir sem ég þekki búa líka í húsi. He he! “
(Stelpa 12 ára)*

⁸ Heimasiða Náum áttum www.naumattum.is.

⁹ Heimasiða Heimili og skóla www.heimiliogskoli.is.

¹⁰ Heimasiða Saman hópsins www.samanhopurinn.is





Menntamálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og Lýðheilsustöð leggja til fjármagn og starfsmenn í verkefnið.

Erlent samstarf

Fundur samtaka evrópskra umboðsmanna barna (ENOC) í Barcelona 2007

Þann 20.–21. september 2007 var haldinn árlegur fundur umboðsmanna barna í Evrópu (ENOC) í Barcelona. Meginþema fundarins að þessu sinni voru málefni barna með fötlun. Á fundinum var samþykkt ályktun þar sem umboðsmennirnir skora á stjórnvöld í sínu heimalandi að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun ásamt valfrjálsri bókun við hann.

Samningurinn var undirritaður við hátíðlega athöfn í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna 30. mars 2007 og jafnhliða því gátu aðildarríki staðfest hann og var það, af hálfu íslenska ríkisins, gert samdægurs og án fyrirvara. Auk þess lögðu umboðsmenn barna í Evrópu áherslu á að stjórnvöld gripi til aðgerða til að knýja á um rétt barna með fötlun.

Auksameiginlegrar ályktunar var lagt til að umboðsmenn barna í Evrópu myndu vekja sérstaka athygli á málefnum barna með fötlun fyrstu vikuna í desember í ljósi þess að alþjóðlegur dagur fatlaðra er haldinn hátíðlegur 3. desember ár hvert. Umboðsmaður barna heimsótti af þessu tilefni Safamýrarskóla, Öskjuhlíðarskóla, Brúarskóla og Hlíðaskóla. Þrír fyrstu skólarnir eru sérskólar fyrir fötluð börn en í þeim síðastnefnda er sérdeild fyrir fötluð börn. Jafnframt átti umboðsmaður barna notalega stund með nemendum Öskjuhlíðarskóla 7. desember þar sem nemendur skólans komu saman á söngsal og sungu jólalög og horfðu á helgileik.

Fundur samtaka evrópskra umboðsmanna barna (ENOC) í Dublin 2008

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var meginþema fundar ENOC sem fram fór 3. – 5. september árið 2008. Á fundinum var rætt m.a. um innleiðingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, hvaða leiðir væru farnar í hverju landi fyrir sig og hvernig þeirri vinnu miðaði áfram. Í umræðu um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna var sérstaklega fjallað um raddir barna skv. 12. og 13. gr.

„Á Íslandi er mjög gott að búa af því að þar er aldrei stríð og margir, mjög margir geta gengið í góðan skóla og gengið í almennilegum fötum. Svo er líka gott að eiga góða foreldra og góð systkini.“
(stélpa 12 ára)

„Að vera barn á Íslandi er fínt. Við höfum það gott, ekkert vandamál með borgina. Ég æfi til dæmis fótbolta. Ég er ekki rekinn út og ég vinn ekki mikið en ég hef samt mínar skyldur“
(strákur 12 ára)

„Það er gott að vera barn á Íslandi sérstaklega ef maður hugsar til fátækra barna í Afríku. Við erum ekki með her og það er engin hætta á að það komi sprengjur fljúgandi“
(strákur 12 ára)

barnasáttamálans, réttinn til þátttöku án mismununar, sbr. 2. gr. og ákvæði um það sem er barninu fyrir bestu skv. 3. gr. barnasáttmálans. Fjölmörg erindi voru flutt þar sem sagt var frá verkefnum í Evrópulöndum sem miða að því fylgja eftir ákvæðum barnasáttmálans og skapa vettvang fyrir umræðu og upplýsingar um réttindi barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Meðal þeirra sem fluttu erindi var hópur írskra barna og ungmenna sem eru í ráðgjafahópi hjá umboðsmanni barna á Írlandi. Þau sögðu frá hlutverki sínu sem fulltrúar ráðgjafahópsins og þeim verkefnum sem þau eru að vinna að.

Á fundinum kynnti umboðsmaður barna þá vinnu sem fram fer á vegum embættisins við kynningu á barnasáttmálanum, m.a. nýja bæklinga og veggspjöld um barnasáttmálann og verkefnið Hvernig er að vera barn á Íslandi? sem hefur hliðsjón af 12. og 13. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Fundur umboðsmanna barna á Norðurlöndum:

Til stóð að halda norrænan fund umboðsmanna barna á Norðurlöndum í Noregi haustið 2007. Vegna ýmissa vandamála í tengslum við ráðningu umboðsmanns barna þar á landi var ákveðið að fresta fundinum. Næsti norræni fundur umboðsmanna verður því haldinn vorið 2009 í Ósló.

Heimsókn kínverskra stjórnvalda og UNICEF í Kína

Umboðsmaður barna tók á móti og skipulagði dagskrá sendinefndar frá UNICEF í Kína og kínverskum stjórnvöldum dagana 21. – 23. nóvember. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér barnaverndarkerfið á Íslandi og ýmis úrræði sem standa börnum til boða. Sendinefndin kom hingað til lands frá Noregi þar sem umboðsmaður barna í Noregi hafði tekið á móti henni. Umboðsmaður fór með sendinefndinni í félagsmálaráðuneytið, Kvennaathvarfið, Stígamót, 112, Barnavernd Reykjavíkur, Barnaverndarstofu og Barnahús auk þess sem starfsemi embættis umboðsmanns barna var kynnt.

Samstarfssamningar

Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd

Í júní 2007 var undirritaður samningur milli umboðsmanns barna og félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um aðild og stuðning við Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd við félagsráðgjafarskor Háskóla Íslands. Rannsóknasetrið var stofnað árið 2005 og er hlutverk þess að auka og efla

rannsóknir í félagsráðgjöf á sviði barna- og fjölskylduverndar.¹¹

Umboðsmaður barna leigir listaverk eftir börn

Framlengdur hefur verið samningur umboðsmanns barna og menningarmiðstöðvarinnar í Gerðubergi um leigu á listaverkum sem börn höfðu unnið í listasmiðjunni. Verkin sem um ræðir eru úr ýmsum myndaseríum sem unnar hafa verið á árunum 1988-2004 og prýða þau skrifstofu embættisins.

Kynning og fræðsla

Samkvæmt e-lið 2. mgr. 3.gr. laga um umboðsmann barna nr.83/1994 skal embættið stuðla að því að kynna fyrir almenningi löggjöf og aðrar réttarreglur er varða börn og ungmenni. Kynning á hlutverki og starfsemi embættisins sem og fræðsla um réttindi barna á öllum sviðum er því veigamikill þáttur í starfinu ár hvert. Sú fræðsla fer fram með ýmsum hætti svo sem með heimsóknum í skóla og leikskóla, til félagsamtaka og stofnana og með erindum og ræðum á fundum og ráðstefnum, sbr. samantekt í viðauka. Heimasíða embættisins gegnir æ ríkara hlutverki að þessu leyti og hefur hún verið endurbætt eins og áður hefur verið fjallað um.

Fjölmíðlar hafa alla tíð leitað mikið til embættisins eftir upplýsingum og/eða afstöðu umboðsmanns til ýmissa mála. Þá hefur færst mjög í vöxt að nemendur á framhalds- og háskólastigi leiti eftir upplýsingum og leiðbeiningum hjá starfsmönnum embættisins.

Útgefið efni

Nýr kynningarbæklingur um embætti umboðsmanns barna

Um mitt ár 2008 kom út nýr kynningarbæklingur um embætti umboðsmanns barna. Í bæklingnum er í stuttu máli farið yfir hlutverk og eðli embættisins og stiklað á stóru um réttindi barna. Bæklingurinn er bæði ætlaður börnum og fullorðnum. Örn Smári Gíslason sá um útlitshönnun á bæklingnum.

Veggspjöld BSSP

Umboðsmaður barna, Barnaheill og UNICEF á Íslandi hafa gefið út tvö veggspjöld með ákvæðum barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í styttri útgáfu. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins hefur verið staðfest-

¹¹ Heimasíða rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd er www.rbf.is



ur af flestum þjóðum heims og er Ísland skuldbundið af þjóðarétti til að virða og uppfylla ákvæði barnasáttmálans. Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur sem hafi sjálfstæð réttindi óháð foreldrum eða forsjáraðilum og að þau þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorönu. Svo virðist sem börn og fullorðnir þekki lítið til barnasáttmálans og þýðingar hans. Með útgáfu veggspjaldanna er ætlunin að bæta úr því og stuðla þannig að aukinni vitund almennings um barnasáttmálann og þau réttindi sem hann kveður á um.

Þetta er í fyrsta sinn sem innihald Barnasáttmálans kemur út á veggspjöldum. Veggspjöldin eru ríkulega myndskreytt af Þórarni Leifssyni myndskreyti.

Lagabreytingar til hagsbóta fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Ný lög um leik- grunn- og framhaldsskóla og

Lög um leikskóla nr. 90/2008, lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, sjá umfjöllun í kaflanum hér að framan um skólamál.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008, sjá umfjöllun í kaflanum hér að framan um skólamál.

Breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof

Í júní tóku gildi breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Samkvæmt nýju lögum er báðum foreldrum nú heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Enn fremur eru heimildir til yfirfærslu réttinda til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks rýmkaðar þegar annað foreldri er vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar ófært um að nýta sér rétt sinn til töku fæðingarorlofs. Enn fremur eiga forsjárlausir foreldrar nú rétt til fæðing-



arstyrks í fyrsta skipti liggja fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem greiðsla fæðingarstyrks stendur yfir. Þá tryggja hin nýju lög foreldrum í fullu námi við íslenska skóla sama rétt til fæðingarstyrks



hvort sem þeir stunda námið með hefðbundnum hætti eða eru í fjarnámi óháð búsetu þeirra.

Útlendingar

Réttarstaða erlendra ungmenna sem koma hingað til lands á grundvelli fjölskyldusameiningar fyrir 18 ára aldur er bætt þannig að heimilt er að endurnýja dvalarleyfi þeirra á sama grundvelli við það aldursmark og þeim heimilað að sýna fram á framfærslu með aðstoð foreldris í stað sjálfstæðrar framfærslu.

Viðauki

Heimsóknir:

Bæði einstaklingar og fulltrúar stofnana og félagasamtaka heimsóttu skrifstofu umboðsmanns barna á árinu. Þá heimsóttu umboðsmaður barna og starfsmenn ýmsar stofnanir og félagasamtök á árinu. Má þar nefna:

- Sjálandsskóla
- Barnaskóla Hjallastefnunnar v/Vífilsstaðaveg
- Norðlingaskóla

- Víkurskóla
- Heimsókn til umboðsmanns barna í Svíþjóð
- Safamýraskóla
- Hlíðaskóla
- Brúarskóla
- Öskjuhlíðaskóla
- Rannung – rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna
- RBF – rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd
- Barnaverndarstofu
- Sýslumanninn í Reykjavík
- Meðferðarheimilin Árbót og Berg
- Skólanefnd Akureyrarbæjar
- Bugl – Barna- og unglingsgeðdeild
- Sjóvá – forvarnarhús
- Lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu
- Oddeyrarskóla á Akureyri
- Leikskólann lðavelli á Akureyri
- Reykjanesbæ
- Vesturgarð
- Heimili og skóla
- Rauði krossinn
- Norðlingaskóla
- Sjónarhól
- Landslæknisembættið
- Heimsókn í alla leik- og grunnskóla sem taka þátt í verkefninu "Hvernig er að vera barn á Íslandi?"

Fundir og ráðstefnur:

Umboðsmaður barna og starfsmenn embættisins sóttu fjölmarga fundi og ráðstefnur um málefni barna og ungmenna. Má meðal annars nefna:



- „Karlar til ábyrgðar í tilefni Evrópuárs jafna tækifæra.“ Ráðstefna um karla og ofbeldi í nánnum samböndum (ágúst).
- „Framtíð okkar í nýju landi – erum við Íslendingar?“ Málþing fyrir ungt fólk af erlendum uppruna (september).
- „Stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum barna og fjölskyldna“ Málstofa á vegum félagsmálaráðherra (september).
- Námsdagar um foreldra í vímuefnavanda og vanrækt börn. Ráðstefna á vegum Þerapiu ehf. í samvinnu við Landlæknisembættið (september).
- „Foreldrahæfni; hvað þarf til?“ Fundur samstarfshópsins Náum áttum. Umboðsmaður barna stjórn aði fundinum (september).
- Afmælissráðstefna í tilefni af 30 ára afmæli SÁA (október).
- „Manna börn eru merkileg.“ Ráðstefna Þroskahjálpar, umboðsmaður með innlegg (október).
- „Réttur barna til beggja foreldra – lögheimili barna.“ Málstofa á vegum Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd. Umboðsmaður barna með erindi (október).
- „Snemmtæk íhlutun í leikskóla.“ Málþing á vegum þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis (október).
- „Maður brýnir mann – samskipti, umhyggja, samábyrgð.“ Málþing á vegum KHÍ (október).
- „Rödd barna við skilnað – veruleiki og þróun úrræða“ Morgunverðarfundur fræðslunefndar Félagsráðgjafafélags Íslands (október).
- „Félagasamtök: Þátttaka í opinberri stefnumörkun, samstarf og ábyrgð.“ Norræn ráðstefna um forvarnir og áfengis- og vímuefnamál (október).
- „Netið og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum – ný tækni sama sagan“ Ráðstefna Barnaheilla (október).
- „Sáttamiðli. Ný hugsun – Ný leið“ Málstofa Laga-



stofnunar (október).

- „Vörn og vakning – Hagsmunir barna og réttindi.“ Lögfræðitorg í Háskólanum á Akureyri. Umboðsmaður barna flytur erindi um embættið (október).
- Á landamærum þekkingar. Vaxtarsprotar í heilsuvernd barna.“ Hausráðstefna Miðstöðvar heilsuverndar barna (nóvember).
- „Að gera jafnréttisstarf sveitarfélaga sýnilegt.“ Ráðstefna Evrópuverkefnisins Jafnréttisvogin (nóvember).
- „Hátt til lofts og vilt til veggja? Börn og byggingar.“ Málþing félags leikskólakennara í samvinnu við félag leikskólafulltrúa (nóvember).
- „Aldrei ofbeldi“ sagði Astrid Lindgren. Hver er sjónarhóll barna og ungs fólks?“ Málstofa í tilefni af 100 ára afmæli Astrid Lindgren (nóvember).
- „Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 18 ára.“ Málþing Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, UNICEF. Umboðsmaður barna með innlegg (nóvember).
- „Hvert stefnir? Forvarnir á Íslandi.“ Fræðslufundur samstarfshópsins Náum áttum (nóvember).
- „Þrá eftir fjölskyldu – Þegar náttúran þarf hjálp frá tækninni.“ Málstofa á vegum Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd. (nóvember).
- „Barnasáttmálinn verður fullorðinn.“ Málþing í tilefni af 18 ára afmæli Barnasáttmálans. Umboðsmaður barna flutti erindi (nóvember).
- Dagur fatlaðra. Athöfn í Öskjuhlíðarskóla (desember).

2008

- „Atvinna og umönnun barna í fjölskyldum einstæðra mæðra – Átaksverkefni bresku ríkisstjórnarinnar um samspil fjölskyldulífs og atvinnuþátttöku". Málstofa á vegum Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd (janúar).
- „Samstarf í barnavernd". Málstofa Barnaverndarstofu (janúar).
- „Ábyrgð foreldra og fjölskyldulíf – hugvekja um stöðu barna í upphafi nýs árs". Málþing á vegum Siðfræðistofnunar, umboðsmaður barna í pallborði (janúar).
- „Málefni og menntun fatlaðra barna". Fundur Exedra. Umboðsmaður barna í pallborði (janúar).
- „Enginn er eyland". Málþing haldið í Kennaraháskóla Íslands (janúar).
- Olweusarverkefni gegn einelti – málþing í KHÍ (febrúar).
- Nordplus ráðstefna í Norræna húsinu (febrúar).
- „Ungmenni, forvarnir og vímuefni". Málstofa á vegum Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd (febrúar).
- „Forvarnir í sveitarfélögum". Fræðslufundur samstarfshópsins Náum áttum haldinn á Akureyri (febrúar).
- Árleg ráðstefna Sjónarhóls – systkini með sérþarfir (febrúar).
- „Þú ert það sem þú gerir á netinu". Málþing SAFT í tilefni alþjóðlega netöryggisdagsins (febrúar).
- „Á ég að gæta bróður míns?" Ráðstefna á vegum Sjónarhóls um systkini barna með sérþarfir (febrúar).
- „Hvernig má efla velferð stjúpfjölskyldna?". Málþing haldið að frumkvæði Félagsráðgjafafélags Íslands og Félags stjúpfjölskyldna í samvinnu við Rannsóknasetur í barna og fjölskylduvernd og Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Heimili og skóla, Biskupsstofu og Samtökin 78 (febrúar).
- „Að njóta foreldrahlutverksins enn betur; gagn og gaman fyrir foreldra leikskólabarna." Hádegiserindi fyrir foreldra leikskólabarna (febrúar).
- „Fjölskyldubrúin – þegar foreldrar glíma við geðræna erfiðleika, forvarnarstuðningur með áherslu á þarfir barnanna". Málstofa á vegum Barnaverndarstofu (febrúar).
- „Forvarnir í Reykjanesbæ – tími til að lifa og njóta." Málstofa á vegum Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd (mars).
- „Efling foreldrahæfni". Ráðstefna á vegum félags- og tryggingamálaráðherra (mars).
- „Fötlun, sjálf og samfélag". Ráðstefna (apríl).
- „Dilemmas around ethnicity in social work". Málstofa á vegum Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd (apríl).
- „Félagsráðgjöf í fjölmenningsamfélagi". Málstofa á vegum Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd (apríl).
- „Fjölpáttameðferð – MST". Málstofa á vegum Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd (apríl).





- „Rödd barnsins“. Ráðstefna Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar og Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna. Umboðsmaður barna ráðstefnustjóri (apríl).
- Fyrirlestur um kvíða og líðan barna með ADHD í tilfni af 20 ára afmæli ADHD-samtakanna (apríl).
- „Upplifun kynforeldra barna sem voru í styrktu fóstri“. Málstofa um barnavernd (apríl).
- „Tilkynningar lögreglu til barnaverndar Reykjavíkur“. Málstofa um barnavernd (apríl).
- „Ávinningur forvarna – hvað kostar að gera ekki neitt?“ Fræðslufundur samstarfshópsins Náum áttum. Umboðsmaður barna stjórnaði fundinum (apríl).
- „Tilskipun ESB um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu“. Málþing á vegum menntamálaráðuneytisins. Umboðsmaður barna flutti erindi (apríl).
- „Gleði í skólastarfi“. Ráðstefna samtaka sjálfstæðra skóla (apríl).
- „Markaðssókn sem beinist að börnum“. Pallborðs- umræða umboðsmanna barna á Norðurlöndum (maí).
- „Skóli og lýðheilsa“. Ráðstefna Lýðheilsustöðvar (maí).
- „Kynslóðatengsl“. Málstofa á vegum Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd (maí).
- „Að rækta þrautseigju barna og ungmenna sem eiga við hegðunarföngu að stríða í skólum“. Málstofa á vegum Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd (maí).
- „Prevention is the best way“. Alþjóðleg ráðstefna um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum (maí).
- „In the children's voice – One-year-olds "tell" about their preschool“. Fyrirlestur um yngstu leikskóla- börnin á vegum Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd (maí).
- Ráðstefna Norræna félagsins gegn illri meðferð á börnum (maí).

- „Kennaramenntun á tímamótum – Hvernig kennara þarf samfélag framtíðarinnar?“. Málþing í Kennaraháskóla Íslands (maí).
- „Fjölmening“. Fræðslufundur samstarfshópsins Náum áttum (maí).
- „Íbúalýðræði“. Málþing um lýðræði í sveitarfélögum (maí).
- Útgáfa veggspjalda um barnasáttmálann. Athöfn í Laugarnesskóla. Umboðsmaður barna ávarpaði gesti (maí).
- „Dagur barnsins“. Hátíð í ráðhúsi Reykjavíkur (maí).
- „Aukin neytendavernd fyrir börn“. Pallborðsumræður á vegum umboðsmanns barna og talsmanns neytenda (maí).
- Erindi umboðsmanns barna í þjónustumiðstöðinni Vesturgarði (maí).
- Vornámskeið Greiningar- og ráðgjafarmiðstöðvar ríkisins (maí).
- Málþing Háskólans á Akureyri. National human rights institution (september).
- Ný menntastefna (september).
- ADHD-ráðstefna – tók á tilverunni (september).
- Health of School -Age Children (október).
- Geðheilbrigðisdagurinn (október).
- Vinnufundur ungmennaráðs (nóvember).
- Ráðstefna á vegum Rannung og Félags leikskólakennara – Að marka spor. (desember).